

Vegminjar Snæfellsnes, Vestfirðir og Norðvesturland



Arna Björk Stefánsdóttir fyrir Vegagerðina í mars 2018

Vegminjar Snæfellsnes, Vestfirðir og Norðvesturland

Forsíðumynd: Brúin yfir Vesturós Héraðsvatna. Ljósmyndari: Emil Hannes Valgeirsson.

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af höfundum nema annað sé tekið fram.

Verkefnið er unnið fyrir Vegagerðina með styrk frá rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Það er prentað í tveimur eintökum auk þess sem pdf-útgáfa fylgir útgáfunni.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundur starfa hjá.

Efnisyfirlit

Vegminjakort	4
Inngangur	6
Hítará	9
Haffjarðará	12
Straumfjarðará	15
Malarrifsviti	18
Kirkjufellsá	21
Berserkjagata	25
Kerlingaskarð	28
Súgandiseyjarviti	32
Haukadalsá	34
Bjargtangaviti	39
Tunguá	42
Arnarnesviti	44
Arnarneshamar	46
Hólmavíkurviti	49
Miðdalsgil	51
Holtavörðuheidi	54
Búrfellsá	57
Ormsá	61
Hrútafjarðará	65
Digrimúli á Skaga	68
Vesturós Héraðsvatna	71
Austurós Héraðsvatna	76
Héraðsvötn við Grundarstokk	81
Kolbeinsdalsá	85
Siglufjarðarskarð	88
Strákagöng	92
Siglunesviti	95
Kjalvegur	99
Heimildaskrá	104

1. Hítará - Minjabrú
 2. Haffjarðará - Minjabrú
 3. Straumfjarðará - Minjabrú
 4. Malarrifsviti - Viti
 5. Kirkjufellsá - Minjabrú
 6. Berserkjagata - Minjavegur
 7. Kerlingaskarð - Minjavegur/Þjóðleið
 8. Súgandiseyjarviti - Viti
 9. Haukadalsá - Minjabrú
 10. Bjargtangaviti - Viti
 11. Tunguá - Minjabrú
 12. Arnarnesviti - Viti
 13. Arnarneshamar - Veggöng
 14. Hólmavíkurviti - Viti
 15. Miðdalsgil - Minjabrú
 16. Holtavörðuheiði - Þjóðleið
 17. Búrfellsá - Minjabrú
 18. Ormsá - Minjabrú
 19. Hrútafjarðará - Minjabrú
 20. Digrimúli á Skaga - Minjavegur
 21. Vesturós Héraðsvatna - Minjabrú
 22. Austurós Héraðsvatna - Minjabrú
 23. Héraðsvötn við Grundarstokk - Minjabrú
 24. Kolbeinsdalsá - Minjabrú
 25. Siglufjarðarskarð - Minjavegur
 26. Strákagöng - Veggöng
 27. Siglunesviti - Viti
 28. Kjalvegur - Þjóðleið
-

Inngangur

Haustið 2012 var unnin skýrsla á vegum Vegagerðarinnar um minjar stofnunarinnar, núverandi stöðu þeirra og framtíðarsýn. Vegagerðin á fjölda gamalla mannvirkja og muna sem mikilvægt er að skrá með kerfisbundnum hætti auk þess sem meta þarf varðveislugildi þeirra.

Minjum Vegagerðarinnar má skipta í eftirfarandi flokka:

1. Vegkaflar: Brýr, gamlir vegir og vegkaflar, vitar og þjóðleiðir.
2. Vélar og tæki: Almenn tæki í vegagerð og sérhæfð tæki.
3. Búnaður og munir: Vegbúnaður, verkfæri, vinnubúðir, teikningar, kort, skrifstofubúnaður og fleira.
4. Myndir: Ljósmyndir, myndir frá framkvæmdum, kvikmyndir, brúamyndir og myndir af eftirminnilegum persónum.
5. Skráðar sögur og frásagnir: Skipulagssagan, verkhattir, æviágrip, vegavinnu-myndir og rafræn skjöl.

Að beiðni minjanefndar Vegagerðarinnar var ráðist í heildarskráningu á munum í eigu stofnunarinnar vorið 2014. Markmið verkefnisins er að veita Vegagerðinni yfirsýn yfir þær vegminjar sem til eru í fórum stofnunarinnar og meta verndargildi þeirra. Tilgangurinn er að fá sem heildstæðasta mynd af þeim munum sem geta talist til vegminja hér á landi. Niðurstöðu skýrslunnar verður hægt að nýta til að móta framtíðarstefnu varðandi minjavernd hjá Vegagerðinni.

Vinnu við skráningu vegminja var skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanga (2014-2015) voru munir í eigu Vegagerðarinnar skráðir (munir í flokki 2, 3, 4 og 5). Vinnu við þessa skráningu lauk í mars 2015 og var niðurstöðum skilað í munaskrá/skýrslu sem aðgengileg er á vefsíðu Vegagerðarinnar. Í öðrum áfanga (sem hófst í apríl 2015) var sjónum beint að skráningu vegminja umhverfis landið (munir í flokki 1). Árið 2015-2016 var tekin saman skrá yfir vegminjar á Suðaustur- og Austurlandi og var niðurstöðum skilað í skýrslu til Vegagerðarinnar í mars 2016. Árið 2016-2017 lauk vinnu við skráningu vegminja á Suðvestur- og Vesturlandi. Hægt er að nálgast skýrslurnar á vefsíðu Vegagerðarinnar.

Vegminjaskráin sem hér er tekin saman samanstendur af tuttugu og átta minjastöðum á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi. Vegminjarnar dreifast um svæðið frá Snæfellsnesi í vestri og að Skagafirði í norðri. Vegminjarnar sem fjallað er um hér eru af fjórum gerðum: Þjóðleiðir og minjavegir, minjabrýr og vitar. Tekin er saman lýsing á

einstökum mannvirkjum, stærð mannvirkis skráð, ef það á við, farið er yfir sögu þess og verndargildi metið. Valdar vegminjar eiga að gefa góða mynd af sögu vegagerðar á Íslandi en forsenda þess að hægt sé að vernda mannvirki er að þau séu áfram í notkun þó nýrri mannvirki hafi tekið við upphaflegu hlutverki þeirra. Gamlar brýr og vegi má nýta áfram sem reið- og gönguleiðir, eins og algengt er. Erfitt er að varðveita gamla vegi ef þeir eru ekki lengur í notkun þar sem vatn og vindar eyða þeim fljótt, sömu sögu má segja um gamlar brýr. Því verður áhersla lögð á að skrá þá vegkafla, vita, brýr og þjóðleiðir sem eru á einhvern hátt enn í notkun og mögulegt er að halda við. Ljóst er að ekki er hægt að vernda allar þær vegminjar sem teknar eru til skoðunar hér. Segja má að þessi skýrsla sé góð heimild um þær vegminjar sem eiga sér framtíðarhlutverk en ekki síður heimild um þær vegminjar sem munu óhjákvæmilega hverfa á næstu árum og áratugum.

Vegminjarnar sem hér eru skráðar eru í mismunandi ásigkomulagi. Sum þessi mannvirki eru enn í notkun, viðhald þeirra er reglubundið og þau munu verða í notkun næstu ár eða áratugi. Ekki þarf að fara í sérstakar aðgerðir til verndunar á þeim. Vegagerðin hefur ráðist í lagfæringu eða endurbyggingu á nokkrum mannvirkjum en það eru brúin yfir Haffjarðará sem endurgerð var árið 2011, brúin yfir Vesturós Héraðsvatna sem tekin var til endurgerðar árið 1995, Ormsárbrú í Hrútafirði sem endurgerð var árið 2010, Tunguárbrú í Skutulsfirði og gamla brúin yfir Hítará, en byggð var ný brú yfir gamlar undirstöður hennar árið 2008. Þessar brýr hafa verið endurgerðar til upprunalegs horfs. Huga þarf að framtíðarhlutverki þessara vegminja en öll þessi mannvirki eiga möguleika á framhaldslífi þó upprunalegur tilgangur þeirra sé ekki lengur til staðar. Brýrnar geta nýst sem göngu/reið/innansveitarbrýr. Vegirnir sem göngu/reið/hjólaleiðir. Umferð um þessar minjar er mismikil eftir stöðum, sum mannvirkin munu alltaf verða talsvert notuð, önnur mjög lítið. Meta þarf hvort verndun slíkra mannvirkja sé forsvaranleg nema aldur vegminjanna og saga þeirra gefi sérstakt tilefni til verndunar. Erfitt er að vernda mannvirki sem eru ekki notuð. Nokkur mannvirki á þessu svæði eru komin í flokk friðaðra mannvirkja eða í flokk friðaðra fornminja samkvæmt skilgreiningu Minjastofnunar, þar sem þau eru yfir eitt hundrað ára gömul. Friðuð mannvirki á þessu svæði samkvæmt skilgreiningu Minjastofnunar eru: Hlaðnar undirstöður gömlu brúarinnar yfir Hítará (1905), brúin yfir Haffjarðará (byggð 1912), ljóshús Súgandiseyjarvita (frá 1897), Hólmavíkurviti (1914), brúin yfir Búrfellsá á Holtavörðuheiði (1911), brúin yfir Hrútafjarðará (1912), Austurós Héraðsvatna (1918) og Siglunesviti (1908). Í flokki friðlýstra fornminja, samkvæmt


skilgreiningu Minjastofnunar, er Berserkjagata, sem er án vafa elsta mannvirki í vegagerð hér á landi.¹

Verkefni af þessu tagi hefur ekki verið unnið hér á landi en til hliðsjónar verður haft verkefni sem norska vegagerðin lét gera um sögulega vegi og brýr í Noregi og er aðgengilegt á vef norsku vegagerðarinnar.²

¹ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is.

² Vefsíða norsku vegagerðarinnar: vegvesen.no/Fag/Fokusomrader/Miljo+og+omgivelser/Nasjonal+verneplan

1. Hítará - Minjabrú



Lýsing

Göngubrúin yfir Hítará á Mýrum stendur skammt frá veiðihúsinu við Hítará, nokkru neðan við núverandi brúarstæði yfir ána (vegur 54). Hítará er vinsæl laxveiðiá og stendur göngubrúin á vinsælu veiði- og útivistarsvæði. Hún er því mikið notuð, bæði af laxveiðimönnum sem stunda veiðar í ánni, en einnig af öðru útivistarfólki. Brúin er eingöngu notuð sem göngubrú í dag enda er óheimilt að aka yfir hana. Göngubrúin, sem er stálbrú, var reist árið 2008 en hvílir á stöplum gömlu brúarinnar sem reist var árið 1905. Brúin er einbreið, um sautján metrar á lengd.



Sögulegt yfirlit

Elsta vísbending um brúarsmíði í íslenskum heimildum kemur úr máldaga Staðarhraunskirkju í Hítardal frá árinu 1185. Í honum kemur fram að halda skuli brú á Hítará og Grjótá. Engar heimildir eru þó til um hvers konar brú var á ánni eða hve lengi brú var í notkun yfir ána.

Haustið 1905 var lokið við smíði sperrubrúar úr tré yfir Hítará. Brúin, sem var með



norsku lagi, var smíðuð í Reykjavík og flutt vestur sumarið 1905. Hún var einbreið, um sautján metrar á lengd milli stöpla og kostaði um 4.300 krónur. Þeirri upphæð hafði raunar átt að verja til að lengja þjóðveginn frá Stykkishólmi til Borgarness en ótækt þótti að Hítará væri áfram óbrúuð því vegur hafði verið lagður að brúarstæðinu báðum megin árinna. Brúin var hins vegar ekki máluð. Jón Þorláksson landsverkfræðingur réð frá því að það yrði gert heldur skyldi strjúka hana einu sinni með karbólini og síðan tvisvar með tjöru. Brúin var þannig saman sett að milli stöplanna voru lögð brúartré en í þau voru festar sperrur sem lágu út í stöplana um hálfum metra neðar en brúartrén. Um fjögurra metra langur kálfi var milli sperruendanna en gegnum tvö tré þversum undir brúnni gekk bolti upp í sperrurnar og

tveir stólpar sinn hvorum megin við jarnboltana. Stöplar brúarinnar voru hlaðnir úr grásteini og fóru þeir mjókkandi upp á við. Þeir voru ólímdir og fylltir upp með grjóti en þá byggingaraðferð höfðu Norðmenn innleytt hér. Allir hornsteinar og næstu steinar við þá voru negldir með tólf eða fjórtán þumlunga löngum jarnboltum, einkum straummegin.

Árið 1927 var byggð jarngrindarbrú á stöplum gömlu brúarinnar og var hún í notkun til ársins 1960 þegar þjóðvegurinn um Mýrar var færður og ný brú byggð nokkru ofar við ána. Árið 2008 var lokið við smíði göngubrúar yfir Hítará á stöplum gömlu brúarinnar. Árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar. Viðurkenningin var veitt Vegagerðinni fyrir

frumkvæði að varðveislu og endurbyggingu sögulegra brúarmannvirkja, þar á meðal endurbyggingu gömlu brúarinnar yfir Hítará.³

Verndargildi

Undirstöður brúarinnar yfir Hítará voru hlaðnar árið 1905 og hafa þær því ótvírætt minjagildi vegna aldurs. Undirstöður brúarinnar falla undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.⁴



³Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 4, 62 og 159. Vefsíða Skessuhorns: Skessuhorn.is/Fréttir/Fréttasafn/27. júní 2007: Framkvæmdir við nýja brú á Hítará hafnar. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 17. tbl. 2015, bls. 1-4.

⁴ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is

2. Haffjarðará - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Haffjarðará stendur á gamla þjóðveginum um Snæfellsnes, skammt sunnan núverandi vegstæðis (vegur 54). Haffjarðará er vinsæl laxveiðiá og stendur gamla brúin á vinsælu veiði- og útivistarsvæði. Hún er því mikið

notuð, bæði af laxveiðimönnum sem stunda veiðar í ánni, en einnig af öðru útivistarfólki. Brúin er í dag nýtt sem göngu- og reiðbrú en bílaumferð er einnig leyfð yfir hana. Brúin yfir Haffjarðará er einbreið steinsteypt bogabrú. Hún er 30 metra löng og 2,8 metra breið.

Sögulegt yfirlit

Árið 1912 voru allmörg fljót brúuð sem ekki höfðu verið brúuð áður. Nýju brýrnar voru allar steypar, ýmist boga- eða bitabryr. Sums staðar komu járn-



bentar steinsteypubrýr í staðinn fyrir trébrýr sem komnar voru að fótum fram. Brúin yfir Haffjarðará er einbreið steinsteyppt bogabru, byggð árið 1912. Hún var í notkun til ársins 1965 þegar þjóðvegurinn við Haffjarðará var færður nokkru norðar en gamla vegstæðið og ný brú var byggð. Brúin frá 1965 var rifin árið 2011 þegar ný brú yfir Haffjarðará var vígð.

Árið 2011 réðst Vegagerðin í miklar endurbætur á gömlu brúnni og hefur hún verið endurgerð í upprunalega mynd. Það voru brúarvinnumenn frá Hvammstanga sem sáu um verklega framkvæmd verkefnisins. Viðgerðin fólst í að steypa ofan á og utan um brúarvogann. Síðan voru steyptir nýir brúarveggir og dekk brúarinnar var endurnýjað. Allar bríkur voru endurgerðar í upphaflegu formi og nýir endastólpar voru steyptir. Nýtt handrið var sett á brúna og var handriðið framlengt á vegfyllingum við brúarendana á kantbita. Árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar. Viðurkenningin var veitt Vegagerðinni fyrir frumkvæði að varðveislu og endurbyggingu sögulegra brúarmannvirkja, þar á meðal endurbyggingu brúarinnar yfir Haffjarðará.⁵

Verndargildi

Brúin yfir Haffjarðará var byggð árið 1912 og hefur hún því ótvírætt minjagildi vegna aldurs. Brúin er afar formfögur steinsteyppt bogabru, hún er á meðal elstu brúa á Íslandi og hefur verið endurgerð í upphaflegt horf. Hún stendur á fjölförnu útivistar- og veiðisvæði við

⁵ *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 1. tbl. 2012, bls. 2. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 17. tbl. 2015, bls. 1-4. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 191.

Haffjarðará og mun umferð um hana verða mikil til framtíðar, bæði af farartækjum og göngufólki. Brúin yfir Haffjarðará fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.⁶



⁶ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is

3. Straumfjarðará - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Straumfjarðará stendur skammt frá þjóðveginum um Snæfellsnes (vegur 54) nokkru vestan við vegamót Vatnaleiðar (vegur 56). Brúin er á gamla þjóðveginum sem liggur aðeins sunnar en nú-

verandi þjóðvegur. Straumfjarðará er vinsæl laxveiðiá og stendur gamla brúin á vinsælu veiði- og útivistarsvæði og er nýtt sem göngubrú. Brúin yfir Straumfjarðará er einbreið steinsteypt bogabrú. Hún er 36 metra löng og 2,6 metra breið.



Sögulegt yfirlit

Árið 1929 var Straumfjarðará brúuð, eitt mesta vatnsfall á Snæfellsnesi, og þá má segja að kominn hafi verið torfærulaus akvegur vestur að Búðum í Staðarsveit. Gamla brúin yfir Straumfjarðará er afar formfögur einbreið steinsteypt bogabru, byggð árið 1929 en aflögð árið 1988. Brúin er nú illa farin, brotin og líklega ónýt. Reynt var að keyra með þungt hlass yfir hana árið 1975 sem varð til þess að hún brotnaði.⁷

Verndargildi




Gamla brúin yfir Straumfjarðará er sérstaklega fallett mannvirki og nýtur sín vel í náttúrunni á Snæfellsnesi. Að sögn heimamanna sem skýrsluhöfundur ræddi við þá yrði mikill sjónarsviptir að brúnni ef hún hverfur. Brúin

er upprunaleg að öllu leyti og ráðast þyrfti í kostnaðarsamar aðgerðir til að gera hana upp.

⁷ Ferðafélag Íslands. Árbók 1982, bls. 15.



4. Malarrifsviti - Viti



Lýsing

Malarrifsviti er landtökuviti í eigu og umsjón Siglingastofnunar Íslands. Vitinn stendur á vestanverðu Snæfellsnesi, skammt vestan Lóndranga (vegur 574). Malarrifsviti er steinsteyptur, sívalur turn, 4,2 metrar í þvermál og 20,2 metra hár, og stendur á 80 sentimetra háum steinsteyptum sökkli. Á vitanum er 3,5 metra hátt ljóshús. Fjórir stoðveggir eru upp með turninum. Þeir ganga lengst út frá jarðhæð turnsins, styttast og hallast að honum þegar ofar dregur, en stallur er á stoðveggjunum við fyrstu hæðaskil og efst uppi undir þakskeggi. Efst á turninum eru svalir og steinsteypt handrið umhverfis. Í handriðinu eru veggir upp af stoðveggjum turnsins og þrjár láréttar slár á milli þeirra. Veggir eru með grófri áferð en anddyri er sléttmúrað. Milli stoðveggja er röð lóðréttra glugga og eru þeir af tveimur mismunandi gerðum; í þremur bilum eru átta hleðslugler í hverjum glugga en í bilinu gengt dyrunum eru sex mjórri hleðslugler í hverjum glugga. Útidyr eru innst í opnu skoti og ganga veggir þess fram úr turninum.

Í vitanum eru fimm steinsteypt milligólf, steinsteypt handrið við stigaop og tréstigir milli hæða. Vitinn er múrsléttaður að innan og málaður í hólfi og gólf. Á efstu hæð er stigi upp að lúgu upp á svalir umhverfis ljóshúsið og annar stigi að lúgu upp í sjálft

Ljóshúsið. Ljóshúsið er áttstrent að grunnformi, veggir eru steinsteyptir en gluggakarmar og þak úr járni. Í ljóshúsinu er díoptríks linsa, 1000 mm í þvermál og í henni er 110 volta 1000 watta aðalpera og 24 volta 150 watta varapera sem fær orku frá rafgeymum.

Sögulegt yfirlit

Malarrifsviti var byggður árið 1946 og kom hann í stað járngrindarvitans sem reistur var á Malarrifi árið 1917. Í upphafi var vitinn húðaður utan með ljósu kvarsi en árið 1991 var hann kústaður með hvítu sementi. Hönnuður hans var Ágúst Pálsson arkitekt. Árið 1957 var vitinn rafvæddur með orku frá ljósavélum en gas haft til vara. Rafmagn frá samveitu var tekið inn árið 1981 en ljósavél höfð til vara, auk gass, en gasbúnaður var síðan fjarlægður árið 1989.

Pegar viti var byggður á Malarrifi bjó Pétur Pétursson leiguliði á jörðinni og var hann ráðinn vitavörður. Bjó vitavörður á Malarrifi til ársloka 1991. Árið 1948 var byggt steinsteypt einnar hæðar íbúðarhús fyrir vitavörðinn og byggt við það árið 1966. Á árunum 1961-62 voru byggð gripahús úr steinsteypu, fjós, fjárhús og hlaða, og einnig var byggt sjóhús árið 1953. Starfsmannafélag Siglingastofnunar Íslands fékk íbúðarhúsið til afnota í árslok 1999.⁸

Vitaverðir á Malarrifi voru:

Pétur Pétursson (f. 1883) 1917–1950

Pétur Pétursson (f. 1916) 1950–1985

Pétur Pétursson (f. 1963) 1985–1996

Víðir Herbertsson (f. 1964) 1996–1999

Reynir Bragason (f. 1947) 1999 –

Verndargildi

Malarrifsviti var friðaður af menntamálaráðherra 1. desember 2003 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans og

⁸ Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 159 og 246-249. Vefsíðan Sjóminjar Íslands: sjominjar.is/Vitar/Vestfirðingafjórðungur/Malarrifsviti.

ljóshúss, þar með eru talin linsa, linsuborð og lampi, hurðir, gluggar, stigar og handrið. Friðunin nær einnig til umhverfis vitans í 100 metra radíus umhverfis hann.⁹



⁹ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: [Minjastofnun.is/hús og mannvirki/friðlýst hús og mannvirki/Vesturland/Malarrifsviti](http://Minjastofnun.is/hús_og_mannvirki/friðlýst_hús_og_mannvirki/Vesturland/Malarrifsviti).

5. Kirkjufellsá - Minjabrú



Lýsing



Kirkjufellsárbrú stendur á gamla Ólafsvíkurvegi sem lá áður ofan við Kirkjufellsfoss. Brúin liggur nú nokkru fyrir ofan þjóðveginn um Snæfellsnes (vegur 54) rétt vestan Grundarfjarðar. Frá þjóðvegnum um Snæfellsnes er því útsýni upp að Kirkjufellsfossi og brúnni þar fyrir ofan. Brúin er tæplega átta metra löng og þriggja metra breið steinsteypt bitabrú.



Sögulegt yfirlit

Gamla brúin yfir Kirkjufellsá stendur rétt ofan við brúnina á allháum fossi, sem steypist niður í djúpt ker og nefnist Kirkjufellsfoss. Munnmæli herma að fyrir ævalöngu hafi kona sem átti tvo syni búið á bænum Kirkjufelli.

Drukknuðu þeir báðir í fossinum, líklega við veiðar, því hún lagði það á, að aldrei framur skyldi fiskur veiðast í ánni og ekki skyldi heldur neinn drukkna þar. Þetta hefur



gengið eftir. Brúin liggur á gamla þjóðveginum sem lá ofan við Kirkjufellsfoss. Nú hefur þjóðvegurinn verið færður nær sjónum og nýtur þessi fallegi foss sín nú vel frá þjóðveginum. Áður var fossinn vart sýnilegur þeim sem keyrðu um Ólafsvíkurveg. Mikil umferð ferðamanna er nú allt árið við Kirkjufellsfoss enda er fossinn og Kirkjufell með vinsælustu áningarstöðum ferðamanna á Íslandi og er hann einn mest ljósmyndaði staður á landinu. Gamla brúin er því mikið notuð sem göngubrú yfir Kirkjufellsfoss og má leiða að því líkum að tugir þúsunda gangi yfir brúna á ári hverju.

Gamla brúin yfir Kirkjufellsfoss var byggð árið 1955 en var aflögð þegar ný brú var byggð árið 1986. Brúin er nú nýtt sem göngubrú yfir Kirkjufellsá.¹⁰

Verndargildi

Gamla brúin yfir Kirkjufellsá er á listanum yfir minjabrýr vegna mikils fjölda ferðamanna sem fer yfir hana ár hvert en einnig vegna þess hversu vel hún nýtur sín í fagurri náttúrunni við Kirkjufellsfoss. Brúin virðist vera í sæmilegu ásigkomulagi og ekki er sérstök þörf á aðgerðum til verndunar brúnni eins og stendur.



¹⁰ *Árbók Ferðafélags Íslands 1986*, bls. 52.



6. Berserkjagata - Minjavegur



Lýsing



Berserkjagata er elsti manngerði vegur á Íslandi og finna má frásagnir af gerð götunnar í Heiðarvíga Sögu og Eyrbyggju. Til að finna Berserkjagötu er farið frá gatnamótum þjóðvega 54 og 577 sunnan Stykkishólms. Farið er þjóðveg 577 um skeið, norð-

vestur undir Staðarbakka og síðan vestur að Kóngsbakka og áfram vestur fyrir Hraunháls að heimreið að Bjarnarhöfn. Þar á gatnamótunum hefst Berserkjagata hin forna og liggur hún norðan og austan heimreiðar. Berserkjagata er elsti vegurinn um hraunið en að auki liggja þrír bílvegir þar um.

Sögulegt yfirlit

Berserkjahraun þekur stóran hluta Helgafellssveitar og nær milli fjalls og fjöru. Talið er að hraunið hafi runnið fyrir um fjögur þúsund árum og upptök þess voru úr fjórum gjall- og vikurkúlum. Rauðkúla er þeirra stærst (379 metrar). Berserkjahraun er lítið gróið og víða afar úfið og erfitt yfirferðar, alls ekki fært hestum og varla sauðfé heldur. Það hefur því verið slæmur farartálmi þegar byggð hófst á þessum slóðum, en nú liggur bílvegur yfir það á

þremur stöðum. Frægasti vegur yfir hraunið er Berserkjagata sem liggur nálægt vegamótunum til Bjarnarhafnar. Hún er afar djúp og skýr og vörðuð á nokkrum stöðum. Augljóslega hefur ekki verið neitt áhlaupaverk að ryðja hana í gegnum svo



úfið og ógreiðfært hraun. Berserkjagötu er getið bæði í Heiðarvíga Sögu og Eyrbyggju.

Samkvæmt Eyrbyggju á Víga-Styr á Hrauni að hafa tekið við tveimur skapbráðum bræðrum af bróður sínum, Vermundi hinum mjóva í Bjarnarhöfn, en hann flutti þá með sér hingað til lands árið 982 frá Noregi. Héttu bræðurnir Halli og Leiknir og voru sænskir að ætt. Um skeið hafði Víga-Styr þá sér til aðstoðar við að vega menn en verkefnin voru ekki næg. Halli vildi síðan að Styr gæfi honum dóttur sína, Ásdísi, eða missa vináttu sína ella. Víga-Styr ráðgaðist við Snorra goða á Helgafelli og fór heim með góð ráð. Þegar heim kom var hann jákvæður í garð Halla, en sagði að þeir bræður yrðu að leysa nokkrar þrautir áður en af ráðahagnum yrði. Ein þrautin var að ryðja götu í gegnum hraunið til Bjarnarhafnar. Það rann á þá bræður berserksgangur og þeir luku verkinu á skömmum tíma. Á meðan hafði Styr látið grafa baðstofu í jörð heima við með glugga yfir ofninum, þannig að hella mátti vatni þar í gegn. Hann bauð berserkjunum til baðhússins þegar verkinu var lokið. Síðan lét hann bera stórgrýti fyrir innganginn og hellti sjóðandi vatni á ofninn í gegnum gluggann. Þótt mikið væri dregið af berserkjunum brutust þeir út en Styr tókst að leggja þá í gegn með sverði sínu. Síðan dysjaði hann þá við götuna sem þeir höfðu nýlagð. Enn í dag sést þessi dys greinilega

en einnig má þar sjá leifar af garði sem berserkirnir hlóðu. Berserkjagata er mikið mannvirki og er elsti manngerði vegur á Íslandi, yfir þúsund ára gamall.¹¹

Verndargildi

Samkvæmt frásögnum Heiðarvíga Sögu og Eyrbyggju var Berserkjagata lögð árið 982 þannig að hún er orðin yfir þúsund ára gömul. Hún er elsta vegagerðarmannvirki á Íslandi og fyrir þær sakir afar merkilegt mannvirki. Þó berserkjasagan kunni að vera ýkjusaga, má



þó telja víst, að mannvirkin í hrauninu hafi verið til þegar sagan var skráð, í svipaðri mynd og þau eru nú, og að lík- indum þá verið orðin gömul. Þau eru því frá fyrstu öldum byggðar í Helgafellssveit og eru handarverk einhverra berserkja, hvort sem það eru

þeir sem hvíla í Berserkjadys eður ei. Hún er gömul alfaraleið, troðin af þúsundum fóta manna og hesta allt frá landnámi. Berserkjagata er talsvert vinsæl gönguleið, enda afar falleg leið um úfið hraunið. Gatan mun standa um ókomin ár til minningar um Berserkina sem lögðu hana.


Hlutar Berserkjagötu voru friðlýstir árið 1928. Það er:

1. „Kirkjutóft Styr’s“, svo nefnd, uppi á brekkunni fyrir neðan bæinn.
2. Skálatóft mikil á túnjaðrinum við lækinn.
3. Gerði í krika, sem gengur inn í hraunið fyrir vestan lækinn gegnt túninu.
4. Krossrétt, forn fjárrétt neðar í hraunjaðrinum.
5. Berserkjagarður, á landamerkjum í hrauninu milli Berserkjahrauns og Bjarnarhafnar.¹²

¹¹ Vefsíða Stykkishólms: gamli.stykkisholmur.is/mannlif/nagrenni Stykkishólms. Vefsíða Jónasar Kristjánssonar: Jonas.is/Berserkjagata. *Árbók Ferðafélags Íslands 1986*, bls. 102-109.

¹² Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: Minjastofnun.is/Fornminjar/Friðlýstar_fornminjar/Skra_um_friðlýstar_fornleifar 1990, bls. 14

7. Kerlingaskarð - Minjavegur/Þjóðleið



Lýsing



Kerlingaskarð er nafnið á gömlu þjóðleiðinni milli Miklaholtshrepps í suðri og Helgafellssveitar í norðri. Vegurinn yfir skarðið er ennþá bílfær þótt aðalleiðin á milli sveitanna sé nú um Vatnaleið. Til að komast að Kerlingaskarði úr suðri er beygt af vegi 54 (Snæfellsnesvegi) inn á veg 56 (Vatnaleið). Þaðan er slóði inn á gamla veginn um Kerlingaskarð. Hægt er að fylgja honum yfir skarðið og niður í Helgafellssveit í norðri.

Sögulegt yfirlit

Kerlingaskarð liggur í um 310 metra hæð yfir sjávarmáli. Um þetta skarð hefur lengi legið einn helsti fjallvegur yfir Snæfellsnesfjallgarð og liggur þessi vegur milli Helgafellssveitar norðan til á nesinu og Miklaholtshrepps að sunnanverðu. Á Sandahrygg liggur vegurinn hæst yfir sjávarmáli, þaðan er fögur útsýn í björtu vestur á Elliðatinda og Tröllatinda og vegarslóði liggur af aðalveginum vestur að Baulárvallavatni, sem er gott veiðivatn. Á skarðinu er nú sæluhús, sem Vegagerðin lét reisa um miðjan sjötta



áratug síðustu aldar. Hefur það oft komið að notum, þegar fólk hefur lent í hrakningum. Fyrsta sæluhúsið lét sýslunefndin reisa þarna eftir að sunnanpósturinn varð úti við annan mann árið 1906. Var það hlaðið úr grjóti og af miklum vanefnum gert, veggir óþéttir og hurð léleg, svo að veður og vindar léku um þá, sem þar leituðu hælis. Þótti húsið ill vistarvera, oft hálf full af snjó og auk þess fór af húsinu reimleikaorð.

Kerlingarskarð er heitið á skarðinu milli Hafrafells að vestan og Kerlingarfjalls að austan. Kerlingarfjall er bratt og úfið móbergsfjall. Þar uppi gnæfir við loft hin sögufræga Kerling, sem skarðið dregur nafn sitt af. Það er firnamikill móbergsdrangur, sem að útliti minnir á kerlingu, dálítið álúta í skinnstakki með silungakippu á baki. Sagan segir að tröllskessa ættuð af Barðaströnd hafi verið við silungsveiðar í Baulárvallavatni. Var hún á heimleið með veiðifeng sinn, þegar dagur reis í austri og hún varð að steini.

Sumarið 1928 var lokið við að ryðja bílfæran veg yfir Kerlingaskarð. Áður en því verki var fyllilega lokið fór fyrsta bifreiðin yfir skarðið. Í henni voru Þorkell Teitsson póst- og símstjóri í Borgarnesi og Jónatan Þorsteinsson kaupmaður í Reykjavík. Óku þeir fram hjá vegagerðarmönnum, sem voru þá í óða önn að ryðja veginn um Efri-Sneið hjá Kerlingarfjalli. Árið 1945 var lokið við að leggja upphleyptan veg yfir Kerlingaskarð, en í september það haust luku vegagerðarmenn við síðasta kafla vegarins um Fúsaskurði

norðan Gæshólamýrar. Kerlingaskarð hafði áður oftast nær lokast í fyrstu snjóum á haustin, en varð nú fær stærstan hluta ársins.¹³




Verndargildi

Um Kerlingaskarð hefur legið alfaraleið allt frá því að sögur hófust, en eftir að fyrsti bíllinn fór um skarðið árið 1928, og ekki hvað síst eftir að lokið var lagningu bílvegar þar árið 1945, hefur þetta verið fjölfarnasta leiðin yfir Snæfellsnesfjallgarð. Nokkur umferð er um Kerlingaskarð, aðallega yfir sumartímann enda er fagurt útsýni úr Kerlingaskarði yfir Helgafellssveit. Vegurinn er ágætlega fær öllum bílum en nokkuð grófur. Ekki þarf að fara í aðgerðir til verndunar á veginum um Kerlingaskarð.

¹³ *Árbók Ferðafélags Íslands 1982*, bls. 14-16. *Árbók Ferðafélags Íslands 1986*, bls. 95-101. [Wikipedia.org/Kerlingaskarð](https://wikipedia.org/Kerlingaskarð).



8. Súgandiseyjarviti - Viti



Lýsing

Súgandiseyjarviti stendur í Súgandisey, rétt utan við Stykkishólm. Vitinn er járnsteyptur, þriggja metra hár. Sjónarlengd hans er sex sjómíllur og ljóshæð yfir sjávarmáli er 30 metrar. Vitinn er sívalur turn, með glugga á miðjum vegg og lúgu á baklið. Þakið er keilumyndað og efst á þakinu er sívöl lofttúða og á henni þak. Súgandiseyjarviti er innsiglingarviti í eigu sveitarfélagsins og í umsjón Stykkishólmshafnar.

Sögulegt yfirlit

Ljóshús Súgandiseyjarvita er úr Gróttuvita sem byggður var árið 1897 en rifinn árið 1947. Árið 1948 var ljóshúsinu komið fyrir á steinsteyptri plötu í Súgandisey við Stykkishólm. Það var smíðað í Danmörku og er sömu gerðar og ljóshús Siglunesvita sem byggður var árið 1908. Ljóshúsið er elsta vitamannvirki sem starfrækt er á Íslandi.¹⁴


¹⁴ Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 260. Vefsíðan Sjóminjar Íslands: sjominjar.is/vitar/vestfirðingafjórðungur/Súgandiseyjarviti.

Verndargildi

Ljóshús Súgandiseyjarvita er frá árinu 1897 og hefur því ótvírætt minjagildi vegna aldurs, enda er það orðinn ríflega 120 ára gamalt. Súgandiseyjarviti er enn í fullri notkun, viðhald ljóshússins sem og vitans er reglubundið og ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum til verndunar ljóshúsinu eins og sakir standa.



9. Haukadalsá - Minjabróú



Lýsing



Gamla brúin yfir Haukadalsá er í Höfðunum, um tíu kílómetrum sunnan við Búðardal. Brúin er á Vestfjarðavegi (vegur 60) við vegamótin inn í Haukadal (vegur 586). Stendur brúin rétt við eyðibýlið Aflstaði.

Sögulegt yfirlit

Haukadalsá á upptök sín í drögum Haukadals fremri og á leið sinni til sjávar eykur hún vatnsmagn sitt með innihaldi nokkurra áa. Neðri hluti Haukadalsár er með bestu laxveiðiám landsins, þar veiðist töluvert af stórlaxi ár hvert. Allajafna rennur Haukadalsá í friðsæld

niður dalinn. En hún getur orðið illvíg og hefur hún orðið mönnum og skepnum að fjörtjóni. Veturinn 1256-57 var Þorgils skarði á reið með lið sitt ofan eftir Haukadalsá:

Ok er þeir riðu á Haukadalsá, hljóp áin ofan svá ákafliga, at þá rak af baki, er á ánni váru. Druknaði þar Sveinn Ívarsson – hann var sem fylgdarmaðr. En þeim lagði öllum næst, Þorgilsi, Bergi ok Ásbirni. Þetta var Vincentíusmessudag. Þótti mönnum þetta kyn mikil, því at vötn öll váru lítil bæði áðr og síðan. Þorgils lét flytja lík Sveins til kirkju til Vatnshorns suðr ok gaf með líkinu kú til kirkjunnar.¹⁵

Árið 1720 druknaði Jón Sigurðsson Dalaskáld frá Bæ í Miðdölum í Haukadalsá fyrir framan Stóra-Vatnshorn.

Gamla brúin yfir Haukadalsá er steinsteypt bogabrá, byggð árið 1922. Hún er einbreið og þótti alla tíð þröng með erfiða aðkeyrslu. Hún þjónar nú hlutverki göngubrúar. Við brúna eru áhugaverðar leifar af vegriði sem sett var upp í tengslum við brúargerðina. Litlu neðar í ánni er einbreið bogabrá sem nú er ekið yfir, var hún tekin í notkun árið 1971. Nú er rætt um byggingu nýrrar brúar sem myndi leysa núverandi brú af hólmi.¹⁶




¹⁵ *Sturlungasaga*. Þriðja bindi, bls. 336.

¹⁶ *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 5. tbl. 2015, bls. 7. Vefsíða Alþingis: Alþingi.is/Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegaáætlunar 1971. Skýrsla nr. 494. Bls. 32. Vefsíða Haukadals í Dalasýslu: Haukadalur.gagnvegir.is/Haukadalsá/Haukadalsá í Dalasýslu. *Vísir* 3. júlí 1971. „15 brýr byggðar í sumar“, bls. 1.

Verndargildi

Gamla brúin yfir Haukadalsá er steinsteypt bogabrá, byggð árið 1922. Hún þjónar nú hlutverki göngubrúar. Við brúna eru einnig áhugaverðar leifar af vegriði sem sett var upp í tengslum við brúargerðina og hefur tvímælalaust verndargildi. Viðhaldi brúarinnar hefur ekkert verið sinnt lengi eins og myndir af brúnni sýna glögglega. Gamla brúin og vegriðið hafa bæði tvímælalaust verndargildi, brúin er í hópi elstu brúa á Íslandi og vegriðið er einstakt.







10. Bjargtangaviti - Viti



Lýsing

Bjargtangaviti stendur á Láttrabjargi á vestasta odda Íslands (vegur 612). Hann er landtökuviti í eigu og umsjón Siglingastofnunar Íslands. Ljóshæð yfir sjávarmáli er 60 metrar og sjónarlengd er 16 mílur. Vitinn er steinsteyptur, 5,9 metra hár, 3,7 metra breiður og 6,4 metra langur. Vitinn stendur á 50 sentimetra háum sökkli sem nær 60 sentimetra út fyrir vegg og er hornsneiddur að framan. Sökkull er múrhúðaður en veggir með grófri áferð. Útidyr eru í opnu anddyri á miðri bakhlíð og fyrir þeim spjaldhurð og steinsteypt skyggni yfir. Á bakhlíðinni eru fjórir gluggar, tveir hvorum megin skyggnis og aðrir tveir ofan þeirra efst á veggnum. Í hverjum þeirra eru tveir járnrammar með fjórum hleðsluglerjum.

Vitinn hefur tvær meginformgerðir, annars vegar hátt hvasshyrnt turnform á bakhlíð og hins vegar lægri bogformaða framhlíð og þar ofan á sömuleiðis bogformað ljóshús sem gengur fram úr turninum. Yfir hvoru tveggja er steinsteypt þak og þakskegg sem gengur út yfir vegg. Efst á framhlíð er kantur í beinu framhaldi af svalagólfi en upp af honum er steinsteypt handrið, lítið eitt utar en sjálfur veggurinn, og stallur á því neðst ásamt opum til að hleypa fram rigningrvatni. Á jarðhæð var áður gashylkjageymsla og þar

er stigi upp á pall á bak við ljóshúsið. Veggir og gólf eru múrhúðuð og máluð. Spjaldasett hurð er út á svalir framan við ljóshúsið og önnur inn í sjálft ljóshúsið. Þar er 270° díoptrísk 500 mm linsa með tveimur 110 volta 1000 watta perum. Nærri vitanum er steinsteypt hús byggt 1960. Í því er vararafstöð, GPS-leiðréttingartæki og radióflugviti. Skammt frá vitanum er mastur með sjálfvirkri veðurathugunarstöð.

Sögulegt yfirlit

Viti var fyrst byggður á Bjargtöngum árið 1913. Sá viti var norskt áttstrent ljóshús úr járnsteypu. Árið 1948 var byggður nýr viti á Bjargtöngum í stað gamla vitans frá 1913. Gamli vitinn var þá fluttur suður í Hvalfjörð og komið fyrir á Hvaleyri þar sem hann stendur enn. Hönnuðir nýja vitans voru Axel Sveinsson verkfræðingur og Einar Stefánsson húsateiknari. Vitinn var upphaflega húðaður ljósu kvasi en var síðar kústaður með hvítu þéttiefni. Árið 1961 var vitinn raflýstur með orku frá ljósavélum sem komið var fyrir í þar til gerðu húsi nærri vitanum og gas haft til vara. Árið 1985 var veiturafmagn tekið inn en sjálfvirk ljósavél sér fyrir varaorku ef straumrof verður. Radióviti var settur upp við Bjargtanga árið 1965. Flugmálastjórn Íslands tók við rekstri hans árið 1994 þegar GPS-leiðrétting var sett upp. Sjálfvirk veðurathugunarstöð var tekin í notkun árið 1995.¹⁷

Verndargildi

Bjargtangaviti var friðaður af menntamálaráðherra 1. desember 2003 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans, þar með eru talin ljóshús, linsa, linsuborð og lampi, hurðir, gluggar, stigi og handrið. Friðunin nær einnig til umhverfis vitans út að bjargbrún framan (vestan) hans og til hluta hrings með 100 metra radíus út frá vitanum til norðurs, austurs og suðurs, en tekur ekki til vélahúss skammt frá vitanum.

¹⁷ Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 264-265. Vefsíðan Sjóminjar Íslands: sjominjar.is/vitar/Vestfirðingafjórðungur/Bjargtangaviti.



11. Tunguá - Minjabrú



Lýsing

Gamla brúin yfir Tunguá stendur á gamla veginum um Tungudal sem liggur af Þjóðvegi 61 (Djúpvegi) innst í Skutulsfirði, um fjórum kílómetrum sunnan Ísafjarðarbæjar. Úr Tungudal er einnig leiðin frá Ísafirði yfir Botnsheiði og Breiðdalsheiði.

Brúin er einbreið steinsteypt bitabrú, tíu metra löng.

Sögulegt yfirlit

Brúin á Tunguá var byggð árið 1940. Hún hefur verið endurgerð til upprunalegs horfs að frumkvæði Vegagerðarinnar og nýttist nú sem göngu- og reiðbrú. Árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar. Viðurkenningin var veitt Vegagerðinni fyrir frumkvæði að varðveislu og

endurbyggingu sögulegra brúarmannvirkja, þar á meðal endurbyggingu brúarinnar yfir Tunguá í Skutulsfirði.¹⁸

Verndargildi

Brúin yfir Tunguá í Skutulsfirði var byggð árið 1940 og hefur Vegagerðin endurgert hana í upprunalegt form. Ekki er þörf á aðgerðum til verndunar brúnni.



¹⁸ Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 17. tbl. 2015, bls. 1-4.

12. Arnarnesviti - Viti



Lýsing

Arnarnesviti er siglingaviti í eigu og umsjón Siglingastofnunar Íslands. Vitinn stendur á Arnarnesi í mynni Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi (vegur 61). Hann er bárujárnsklætt járnrindarhús með hallandi veggjum, 2,67 metrar að lengd og breidd að neðan en 1,95 metri að ofan og hæð veggjanna er 2,67 metrar. Á grindinni eru áttstrendar svalir og á þeim áttstrent ljóshús úr járni, 2,4 metrar á hæð. Vitinn stendur á steinsteyptri undirstöðu. Járnstigi er utanvert upp á svalirnar umhverfis ljóshúsið og um þær einfalt járnhandrið. Veggir eru klæddir bárujárni og horn borðaklædd og kverkbörð er efst á veggjum undir svölum. Fyrir dyrum er okahurð og inn af þeim lítið anddyri með okahurð. Einnar rúðu gluggi er yfir dyrum. Járnrindin er klædd lóðréttum plægðum borðum undir bárujárnsklæðningu og gólf steinsteypt og múrhúðað. Járnstigi er upp í ljóshúsið og stigagati lokað með járnhlera. Járngólf er í ljóshúsi. Vitinn er málaður að innan. Í ljóshúsinu er 210° díoptrísk 375 mm linsa með 110 volta 1000 watta aðalperu og 24 volta 150 watta varaperu.

Sögulegt yfirlit

Arnarnesviti var byggður árið 1921. Hönnuður hans var Thorvald Krabbe verkfræðingur og síðar Vitamálastjóri. Veggir vitans voru upphaflega málaðir hvítir og um þá miðja var rauð rönd og ljóshús og handrið voru rauð en veggir hafa verið málaðir gulir og stigi hvítur. Að öðru leiti hefur vitinn haldið upp-
runalegu útliti sínu. Árið 1952 var gamla linsan tekin úr vitanum og díoptrísk 375 mm linsa sett í staðinn. Radíóstefnuviti var settur



upp árið 1960 ásamt tveimur ljósavélum en reyndist hann ónothæfur við þær aðstæður sem eru í Djúpinu og var hann fjarlægður sama ár. Fjórum árum síðar, árið 1964, var vitinn rafvæddur með orku frá ljósavélum sem komið var fyrir í timburskúr nærri vitanum og gas haft til vara en veiturfarmagn var tekið inn árið 1977. Árið 1995 voru gasljóstæki, sem voru til vara, fjarlægð en í staðinn settir rafgeymar fyrir varaperu. Vitarnir á Skarfasetri á Reykjanesi, Öndverðarnesi og Langanesi, sem allir voru reistir árið 1914, voru sömu gerðar og Arnarnesviti og sömu sögu er að segja um hafnarvita Reykjavíkur á Ingólfsgarði og Norðurgarði.

Verndargildi

Arnarnesviti var friðaður af menntamálaráðherra 1. desember 2003 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans og ljóshúss, þar með eru talin linsa, linsuborð og lampi, járngrind ásamt klæðningu, stigar, handrið, hurð og gluggi. Friðunin tekur einnig til umhverfis vitans í 100 metra radíus umhverfis hann, en að bjargbrún vestan hans og vegi að austan.¹⁹

¹⁹ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: Minjastofnun.is/hús og mannvirki/friðlýst hús og mannvirki/Vestfirðir/Arnarnesviti. Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 275-277.

13. Arnarneshamar - Veggöng



Lýsing

Veggöngin um Arnarneshamar á Vestfjörðum eru á Djúpvegi (vegur 61) rétt austan við Arnarnes í mynni Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi. Göngin, sem eru þrjátíu metra löng, liggja á milli Ísafjarðar og Súðavíkur.

Sögulegt yfirlit

Saga jarðgangnagerðar í heiminum nær meira en tvö þúsund ár aftur í tímann, en gerð slíkra mannvirkja í vegagerð hófst þó ekki að ráði fyrr en á níttjándu öld. Víðast hvar í heiminum er ekki ráðist í gerð veggangna fyrr en vegakerfið er að öðru leyti komið í gott horf, einkum vegna þess hve dýr veggöng eru. Hér á landi var komið fram undir miðja tuttugustu öld þegar fyrstu jarðgöngin voru tekin í notkun. Hér var þó ekki um neitt stórvirki að ræða en sprengt var í gegnum 35 metra þykkarn Arnarneshamar á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Arnarnes er staðsett yst í Skutulsfirði og þar er Arnarneshamar og Arnarnesviti.

Sumarið 1949 var lokið við gerð jarðgangnanna, en vinna við göngin hófst haustið 1947. Var þá aðeins unnið við þau í nokkra daga því í ljós kom að bergið í hamrinum var svo hart að engir borar hér á landi unnu á því. Voru því pantaðir nýir borar frá Englandi. Ekki



var hægt að byrja verkið að nýju fyrr en haustið 1948, og tók þá um það bil tvo mánuði að ljúka því. Verkfærin sem notuð voru við sprengingarnar voru ein loftþjappa og mokstursvél, sem mokað var frá með eftir hverja sprengingu. Til jafnaðar vannst um hálfur metri á hverjum vinnudegi. Kostn-

aður við jarðgöngin var um áttatíu þúsund krónur. Verkstjóri við framkvæmdina var Charles Bjarnason á Ísafirði. Umsjónarmaður með verkinu af hálfu vegamálastjóra var Sigurður Jóhannsson verkfræðingur. Göngin hafa verið breikkuð í áföngum, síðast árið 1996 þegar unnið var að gerð jarðgangna um Breiðdals- og Botnsheiði.²⁰

Verndargildi

Göngin um Arnarneshamar eru elstu veggöng á Íslandi og eru þau þess vegna afar merkileg sögu vegagerðar hér á landi. Nær tuttugu ár liðu þar til ráðist var í gerð vegganga á ný en næstelstu veggöng á Íslandi eru göngin um Stráka við Siglufjörð sem opnuð voru árið 1967.

²⁰ Lögberg. 8. september 1949. Bls. 1. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 7. tbl. 2015, bls. 7. Vefsíða Vegagerðarinnar: Vegakerfi.is/Jarðgöng.



14. Hólmavíkurviti - Viti



Lýsing

Hólmavíkurviti er innsiglingarviti í eigu og umsjón Hólmavíkurhafnar. Hann er norskt áttstrent ljóshús úr jarnsteypu. Hæð vitans er þrír metrar, sjónarlengd hans er þrettán sjómíllur og ljóshæð yfir sjávarmáli er tólf metrar. Vitinn var upphaflega málaður rauður með hvítri rönd um miðjuna en er nú gulmálaður.

Sögulegt yfirlit

Hólmavíkurviti var byggður árið 1914 en tekinn í notkun árið eftir. Ljóshús vitans var flutt hingað til lands frá Noregi en tafir á afhendingu ljóstækja vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri urðu til þess að ekki var hægt að taka vitann í notkun fyrr en árið 1915. Fyrsta áratuginn var í vitanum lítill steinolíulampi, útbúinn með hlíf sem snérist fyrir ljósið vegna hitans frá lampanum. Blikkaði því ljósið og varð auðþekkt frá öðrum ljósum. Árið 1925 var vitinn

gasvæddur og rafvæddur árið 1963. Vitinn var afhentur Hólmavíkurbreppi til eignar og reksturs árið 1983.²¹



Verndargildi

Hólmavíkurviti var byggður árið 1914 og hefur hann því ótvírætt minjagildi vegna aldurs, enda er hann orðinn rúmlega 100 ára gamall. Hólmavíkurviti er á meðal elstu vita á Íslandi sem enn eru í fullri notkun. Viðhald hans er reglubundið og ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum til verndunar húsinu eins og sakir standa. Hólmavíkurviti fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.²²

²¹ Guðmundur Bernóðsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 290.

²² Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is

15. Miðdalsgil - Minjabrú



Lýsing



Miðdalsgil liggur á þjóðvegi 60 um Bröttubrekku, nokkru ofan Baulu. Brúin við Miðdalsgil á Bröttubrekku var byggð árið 1931. Hún liggur á gamla veginum sem lagður var um Bröttubrekku og Dali á árunum 1929-1932 og er einbreið, steinsteypt bitabrú,

átján metra löng og 3,6 metra breið. Árið 2005 hófst vinna við lagfæringu brúarinnar með það að markmiði að koma henni í upprunalegt horf en því verkefni er enn ólokið. Brúin er ekki bílfær í dag þar sem enginn bílvegur liggur að henni en hún nýtist nú sem göngubrú.

Sögulegt yfirlit

Þegar nýr vegur var lagður um Bröttubrekku á árunum 2001-2003 var gert ráð fyrir að gamla brúin yfir Miðdalsgil yrði rifin. Geir Jónsson bóndi í Dalsmynni, Þór Konráðsson hjá Arnarfelli ehf. og fleiri menn höfðu hins vegar áhuga á að lagfæra brúna og koma henni í upprunalegt horf. Fór svo að Geir fékk brúna til varðveislu með leyfi landeiganda, sem er Stafholtskirkja. Geir hófst handa við endurbygginguna og lauk við að byggja upp handrið brúarinnar sumarið 2006. Honum entist ekki aldur til að ljúka við endurbyggingu brúarinnar því hann lést 6. nóvember 2006, áttæður að aldri. Eftir andlát Geirs bónda í Dalsmynni lagðist verkefnið af og síðan hefur brúin yfir Miðdalsgil á Bröttubrekku staðið óhreyfð.²³




²³ Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 11. tbl. 2006, bls. 1-2. Morgunblaðið 13. júlí 2003. „Framkvæmdir mánuði á undan áætlun“, bls. 8.

Verndargildi

Brúin við Miðdalsgil á Bröttubrekku var byggð árið 1931 en hún hefur verið endurbyggð og færð í upprunalegt horf að hluta. Brúin var aflögð árið 2003 þegar nýr vegur var lagður um Bröttubrekku og ræsi kom í stað gömlu brúarinnar við Miðdalsgil. Gaman væri að varðveita brúna til minningar um brúargerð fyrri tíma og ljúka því verki sem Geir bóndi í Dalsmynni hóf árið 2005 en entist ekki aldur til að klára, enda er gamla brúin falleg og nýtur sín vel skammt frá nýja veginum um Bröttubrekku. Til framtíðar er hægt að finna brúnni hlutverk sem göngu- og reiðbrú á þessu fallega svæði.



16. Holtavörðuheidi - Þjóðleið



Lýsing

Holtavörðuheidi liggur á Hringvegnum (1) á milli Borgarfjarðar í suðri og Hrítafjarðar í norðri. Efsti bær í Norðurárdal sunnan undir heiðina er Fornihvammur, þar var um tíma rekinn gisti- og veitingastaður og þar var áningarstaður ferðamanna sem fóru yfir heiðina. Fornihvammur



er nú eyðibýli. Efsti bær í Hrítafirði, norðan megin heiðar, er Grænumýrartunga sem einnig er í eyði. Hæsti punktur Holtavörðuheidar er í 407 metra hæð yfir sjávarmáli.

Sögulegt yfirlit

Þjóðleiðin gamla yfir Holtavörðuheidi lá áður fram eftir Norðurárdal beggja vegna Norðurár og var hún talin vera löng eða fullkomin þingmannaleið frá fremstu bæjum í Norðurárdal




norður að Melum í Hrútafirði (37,5 kílómetrar). Nú liggur Hringvegurinn (1) um Holtavörðuheidi og fer austur Sæluhúsaflóa, en sveigir til norðurs undir Heiðarsporði. Vestan undir Bláhæð liggur leiðin hæst á Holtavörðuheidi.

Leiðin yfir Holtavörðuheidi hefur verið farin milli Suður- og Norðurlands svo að segja frá því land

byggðist og var heiðin lengst af eini færi fjallvegurinn að vetri til milli landshlutanna. Leiðin var ætíð talin viðsjál vegna þoku og heiftarlegra hríðarveðra sem geta skolið á fyrirvaralaust og hafa valdið mannskaða. Ófriðarmenn Sturlungaaldar áttu auðvitað leið um Holtavörðuheidi jafnt sem friðarmenn. Þegar Kolbeinn ungi Arnórsson fór með mikinn flokk manna að Þórði kakala Sighvatssyni í nóvember 1242 reið hann suður Tvídægru og til baka Holtavörðuheidi. Þá var farið upp hjá Sveinatungu og komið niður á Melum í Hrútafirði. Vermenn að norðan fóru tíðum heiðina til útróðra undir Jökli eða til Suðurnesja og kaupamenn að sunnan fóru Holtavörðuheidina norður eða norðan, sama má segja um skólapilta og kaupakonur, prangara og förumenn, bændur við fjárrekstur eða í skreiðarferðir.


Mikilvægi leiðarinnar um Holtavörðuheidi sést best á því að fyrsta sumar Fjallvegafélagsins árið 1831 var ákveðið að vinna að upphleðslu sæluhúss og vörðuleggingum á heiðinni. Fjallvegafélagið var stofnað árið 1831 fyrir forgöngu Bjarna Thorarensen. Markmið félagsins var að ryðja fjallvegi fyrir reiðgötur, hlaða vörður og byggja sæluhús. Þetta fyrsta sumar voru reistar hundrað vörður á Holtavörðuheidi. Til eru skýrslur um hvernig staðið var að verki á Holtavörðuheidi og birti Páll Sigurðsson prófessor glefsur úr þeim í bók sinni *Fjallvegafélagið*. Ferðamenn sem lögðu á heiðina nutu einnig góðs af sæluhúsi sunnan undir Holtavörðuheidi í Fornahvammum. Sunnan heiðar var Fornihvammur lengi veitinga- og gististaður. Norðan heiðar gegndi Grænumýrartunga svipuðu

hlutverki, þar til Brú og Staðarskáli tóku við því. Nú eru allir þessir staðir horfnir, nema Staðarskáli, sem stendur á nýjum stað (frá 2008) við leirur Hrútafjarðar.²⁴



²⁴ *Árbók Ferðafélags Íslands 1997*, bls. 27-32. Vefsíða Jónasar Kristjánssonar: Jonas.is/Holtavörðuheiði. Wikipedia.org/Holtavörðuheiði.

17. Búrfellsá - Minjabrú



Lýsing



Brúna yfir Búrfellsá getur að líta ofar í hlíðinni þegar farið er um Hringveginn (1) efst í Norðurárdal á leiðinni yfir Holtavörðuheiði. Hún er steinsteyptur bogi nokkuð óvenjulegur þar sem hann er mjög

krepptur til endanna. Lengd brúarinnar er sex metrar og breiddin 2,8 metrar. Steypan er farin að láta á sjá enda er brúin orðin rúmlega hundrað ára gömul.

Sögulegt yfirlit

Brúin yfir Búrfellsá var byggð árið 1911 og getur Þórbergur Þórðarson hennar í dagbók sinni. Það sumar vann hann við brúarlagningar og vegabætur á Holtavörðuheidi og efst í Norðurárdal og tók þátt í smíði brúa á Miklagil, Norðurá og Búrfellsá. Tjöld brúarmanna voru við Búrfellsá frá 1. til 20. september 1911 og boginn var steiptur 12. til 14. september. Brúin var aflögð árið 1931 þegar þjóðvegurinn um Norðurárdal var færður. Árið 1994 málaði listakonan Finna B. Steinsson brúna bláa sem hluta af umhverfislistaverki, ásamt brúnum yfir Hvassá og Dýrastaðaá.²⁵



Verndargildi

Brúin yfir Búrfellsá á Holtavörðuheidi var byggð árið 1911 og hefur hún því ótvírætt minjagildi vegna aldurs. Búrfellsárbrú er á meðal elstu brúa á Íslandi, en er nú illa farin enda hefur viðhald hennar ekkert verið síðan hún var aflögð. Búrfellsárbrú fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.²⁶

²⁵ Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 181. *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*. 19. tbl. 2009, bls. 10-12.

²⁶ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is





18. Ormsá – Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Ormsá í Hrutafirði liggur skammt frá gamla áningarstaðnum Brú rétt við Hringveginn (1) innst í Hrutafirði. Hún er einbreið steinboga-brú, 22,3 metra löng og 2,6 metra breið.

Sögulegt yfirlit

Gamla brúin yfir Ormsá í Hrutafirði var byggð árið 1929. Hún var í notkun til ársins 1983 þegar Hringvegurinn (1) um Hrutafjörð var færður. Brúin var endurgerð til upprunalegs horfs árið 2010 og gegnir nú hlutverki göngu- og reiðbrúar.

Verndargildi

Brúin yfir Ormsá er dæmi um vel heppnaða endurgerð á gamalli brú en Vegagerðin réðst í endurgerð á brúnni árið 2010. Hún mun til framtíðar gegna hlutverki göngu- og reiðbrúar innst í Hrútafirði. Árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar. Viðurkenningin var veitt Vegagerðinni meðal annars fyrir endurgerð brúarinnar yfir Ormsá í Hrútafirði.²⁷




²⁷ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: Minjastofnun.is.





19. Hrútafjarðará - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Hrútafjarðará liggur á Hrútatunguvegi (701) skammt frá Brú, innst í Hrútafirði. Brúin var upphaflega einbreið en er nú tvíbreið, steinsteypt bogabrú, 24 metra löng og sjö metra breið.

Sögulegt yfirlit

Árið 1912 voru brúuð allmörg vatnsföll sem ekki höfðu verið brúuð áður. Nýju brýrnar voru allar steyptar, ýmist boga- eða bitabrýr. Sums staðar komu járnbentar steinsteypubrýr í staðinn fyrir trébrýr sem komnar voru að fótum fram. Þetta ár var smíðuð steinsteyppt bogabru yfir Hrútafjarðará, 24 metra löng. Hringvegurinn (1) lá yfir þessa brú á Hrútafjarðará allt til ársins 2008 þegar ný brú var byggð norðar í firðinum. Brúin var upphaflega byggð árið 1912. Árið 1946 var nýr bogi byggður utan um þann gamla. Brúardekkið var endurnýjað árið 1983 og árið 1993 var aftur byggður nýr bogi utan um gömlu brúna með tvíbreiðu brúardekki. Það er lagið sem er á brúnni í dag.²⁸



Verndargildi

Brúin yfir Hrútafjarðará var reist árið 1912 en hefur breyst mikið í tímans rás og þannig aðlöguð umferð á hverjum tíma. Hefur brúin ótvírætt minjagildi vegna aldurs. Viðhald brúarinnar er reglubundið enda stendur hún á Hrútatunguvegi (701) sem er hluti af þjóðvegakerfi landsins. Ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum til verndunar brúnni eins og sakir standa. Brúin yfir Hrútafjarðará fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús


²⁸ Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 8. tbl. 2015, bls. 7. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 191.

og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.²⁹



²⁹ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is

20. Digrimúli á Skaga - Minjavegur



Lýsing

Hellulagði vegkaflinn um Digramúla liggur yst á Skaga á milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Vegurinn liggur á milli eyðibýlisins Kaldrana í vestri og Víka í austri. Hann liggur um 100 metr-



um ofan við þjóðveginn (vegur 745) og sést vel móta fyrir honum í landslaginu. Á veginum hefur verið komið upp minnismarki um gerð vegarins og þar hefur Vegagerðin einnig gert áningarstað með bekkjum.

Sögulegt yfirlit

Á Digramúla, norðan við Kaldranavík á Skaga, stendur þyrping stuðlabergssúlna. Þessar súlur eru minnisvarði um vegagerð sem kvenfélagið Hekla á Skaga stóð fyrir á árunum 1930-1933 undir forystu Önnu Tómasdóttur í Víkum. Minnisvarðinn er reistur á miðju



vegstæðinu og sést vel móta fyrir gömlum hellulögðum vegi sem teygir sig yfir Múlann í báðar áttir út frá minnisvarðanum. Áður en akvegur var lagður fyrir Digramúla var vegurinn illur yfirferðar og háskalegur fótum hesta og manna enda gekk



hann undir nafninu *Leggjabrjótur*. Undir lok fjórða áratugar 20. aldar gaf Anna Tómasdóttir í Víkum fé til vegabóta á Digramúla. Gjöfin opnaði síðan dyr opinberra sjóða, svo fé var veitt til vegabóta á Múlanum næstu ár.³⁰



³⁰ Páll Ásgeir Ásgeirsson: *101 Ísland*, bls. 41. Steingrímur Davíðsson: „Lítill ferðasaga“. *Lesbók Morgunblaðsins* 21. september 1969, bls. 11.

Verndargildi

Vegagerð kvenfélagsins Heklu um Digramúla á Skaga er merkilegt framlag einstaklinga til vegagerðar á Íslandi og mikilvægur hluti af sögu vegagerðar á Íslandi. Enn má vel sjá móta fyrir hellulögðum vegkaflanum og ímynda sér hvernig verkið hefur verið unnið með handafli, skóflum og hökum, en með tíð og tíma eiga ummerki um framkvæmdina eftir að hverfa, nema farið verði í sérstakar aðgerðir til verndunar vegkaflanum.



21. Vesturós Héraðsvatna - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir vesturkvísl Héraðsvatna liggur á Borgarsandi þar sem Vestari Héraðsvötn renna til sjávar skammt austan Sauðárkróks (vegur 75). Hún er einbreið steinsteypt bitabrú í sjö höfum. Hún er 113 metra löng og 2,6 metra breið. Hún er nú notuð sem göngu- og reiðbrú.



Sögulegt yfirlit

Héraðsvötn er vatnsmikil jökulá sem á upptök í Hofsjökli. Fellur hún í tveimur kvíslum, Jökulsá austari og vestari, niður hálendið en sameinast í Héraðsvötn neðan við Kelduland á Kjálka. Greinist áin aftur sunnan við Hegranes í Austari- og Vestari Héraðsvötn sem renna til sjávar beggja vegna við Hegranes. Héraðsvötn voru áður mikill farartálmi sem tekið hafa

hundruð mannlífa. Einungis á nítjándu öld er vitað um að minnsta kosti fimmtíu manns sem fórust í Héraðsvötnum. Talið er að ferjað hafi verið yfir stórar á Íslandi frá upphafi byggðar og ferjur voru því mikilvægur ferðamáti um aldir. Vorið 1740 skipaði Skúli Magnússon sýslumaður svo fyrir að lögferja skyldi vera á Vesturósi Héraðsvatna og átti ábúandinn á Utanverðunesi að annast hana. Um langt skeið var fólk og farangur ferjað milli bakka Héraðsvatna á litlum bátum eða prömmum. Árið 1874 tóku Magnús Árnason í Utanverðunesi og sonur hans Jón Magnússon, að sér ferjustarf við Vesturósinn og sinntu þeir því starfi í nær fjóra áratugi. Eftir 1890 varð mikil breyting til bættra ferjusiglinga þegar Alþingi, að tilhlutan sýslufundar, veitti styrk til að koma upp dragferju á Héraðsvatnaós, þeirri fyrstu á landinu. Sýslufundur fól Einari



Guðmundssyni alþingismanni á Hraunum að smíða ferjuna og fékk hann Sigurð Ólafsson á Hellulandi til þess að vinna með sér að smíðinni. Ný dragferja var afhent Magnúsi í Utanverðunesi í ágúst 1892. Hún reyndist þung í vöfum og vart ætlandi einum manni að



ferja í miklum sjógangi og straumþunga. Jóni Magnússyni Ósmann reyndist það létt verk. Rúm var fyrir fjóra hesta með klyfjar í ferjunni. Pramminn sem áður var notaður tók aðeins fólk og farangur en allur bú-

peningur var látinn synda yfir Ósinn og varð þá að sæta sjávarföllum vegna straumþunga með útfallinu. Árið 1909 kom ný dragferja á Ósinn, endurbætt og burðarmeiri. Hún tók 12-16 hesta með klyfjum. Dragferjuna á Vesturósnum má telja einhverja mestu samgöngubót fyrir Skagafjörð frá upphafi uns brúin var tekin í notkun árið 1926. Jón Magnússon (1862-1914) frá Utanverðunesi er talinn hafa verið ferjumaður lengst allra á Íslandi, í nær fjörutíu ár, og nafnkunnastur allra ferjumanna. Hann tók sér nafn af Ósnum og kallaði sig Jón Ósmann. Byrgi Jóns Ósmanns mun hafa staðið nálægt Festisteini á Furðuströndum en við hann var strengur dragferjunnar bundinn að austanverðu. Vestan megin var fest í akkeri sem grafið var ofan í sandinn. Talið er að Ósinn hafi þá verið nokkru breiðari en nú er. Hróbjartur Jónasson frá Hamri gegndi síðastur ferjumannsstarfi við Vesturósinn. Byggði hann sér annað skýli litlu sunnar en byrgi Ósmanns stóð.

Á Alþingi árið 1905 var lagt fram frumvarp um gerð brúar yfir Vesturós Héraðsvatna. Frumvarp um gerð brúar yfir Héraðsvötn hafði áður komið fram án þess að hljóta umfjöllun en í þetta skiptið var frumvarpinu vísað til brúarnefndar. Niðurstaðan varð sú að þar sem þegar væri brú á annarri kvísl Héraðsvatna (austurkvíslinni) og ferja á hinni yrði brúargerð að bíða betri tíma. Árið 1925 var loks lokið við steinsteypa brú á Vesturósi Héraðsvatna. Hún var 113 metra löng auk landstöpla sem voru sextíu metra langir. Undirstöður hennar voru sams konar og brúarinnar á Eyjafjarðará, steiptir staurar sem reknir voru niður á fast. Þessi brú var lengsta brú norðanlands, að vísu aðeins skamma hríð eða þar til brú var gerð á Héraðsvötn við Grundarstokk tveimur árum síðar. Sú brú er 133 metrar á lengd. Brúin yfir Vesturós Héraðsvatna var vígð sumarið 1926, ári eftir að smíði hennar lauk. Brúin var endurgerð til upprunalegs horfs árið 1995 og árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu

Minjastofnunar fyrir vel heppnaða endurbyggingu brúarinnar yfir Vesturós Héraðsvatna. Kofi Hróbjarts ferjumanns hefur einnig verið endurbyggður í samræmi við upphaflega gerð, þannig að á Furðuströndum má sjá til samgöngumannvirkja þrenna tíma: Festisteininn og byrgi Hróbjarts ferjumanns auk brúnna tveggja, þeirrar gömlu frá árinu 1926 og nýju brúna sem tekin var í notkun árið 1995. Hún er 100 metra löng og undirstöður hennar voru reknar yfir 20 metra niður í sandinn.³¹



Verndargildi


Árið 2015 hlaut Vegagerðin viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar. Viðurkenningin var veitt Vegagerðinni fyrir frumkvæði að varðveislu og endurbyggingu sögulegra brúarmannvirkja, þar á meðal endurbyggingu brúarinnar yfir Vesturós Héraðsvatna.³² Brúin hefur verið endurgerð til upprunalegs horfs og er í dag notuð sem göngu- og reiðbrú.

³¹ Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 17. tbl. 2015, bls. 1-4. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 79, 162-164 og 219-220. Sjá einnig texta á upplýsingaskilti sem stendur við Vesturós Héraðsvatna.

³² Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 17. tbl. 2015, bls. 1-4.



22. Austurós Héraðsvatna - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Austari Héraðsvötn standur á einkavegi við Vatnsleysu (vegur 76) í Skagafirði. Brúin er einbreið, steinsteypt bitabrú, 72 metrar á lengd.

Sögulegt yfirlit

Árið 1895 var byggð 130 álna löng (rúmlega átta metra) timburbrú yfir austurós Héraðsvatna í fjórum höfum og er hún eina dæmið um trébrú hér á landi með millistöpul.

Árið 1918 var hafin smíði nýrrar brúar yfir austurósinn enda var gamla brúin að falli komin. Því var byrjað á sjötíu metra langri steinsteyptri brú, sem tekin var í notkun sumarið 1918. Veturinn áður var efni til brúargerðarinnar dregið á ís að brúarstæðinu. Öll vinna fór fram austan árinna á



svonefndum Gljúfuráreyrum. Brúarsmiðirnir voru 20-30 talsins. Fallhamar var notaður til að reka niður staura undir brúarstöplana. Steypan var öll hrærð í vél, líklega þeirri fyrstu sem notuð var í Skagafirði, en steypunni ekið á hjólbörum í mótin eftir vinnuþöllum. Brúin var sjötíu metra löng og kostaði 89 þúsund krónur. Aðbúnaður brúarsmiðanna var eins og þá tíðkaðist og lengi síðan. Þeir bjuggu í tjöldum. Skála, sem reistur hafði verið við rjórabú þarna nálægt, var breytt í matsal. Þar var einnig eldhús og herbergi fyrir starfsstúlkur.³³

³³ Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 32. tbl. 2005, bls. 8. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 193 og 195.



Verndargildi



Brúin yfir austurós Héraðsvatna var reist árið 1918 og hefur hún því ótvírætt minjagildi vegna aldurs, enda er hún 100 ára gömul á þessu ári. Brúin hefur látið á sjá í tímans rás enda hefur viðhald hennar verið lítið sem ekkert síðastliðna

áratugi. Á þessu ári fellur brúin yfir Austurós Héraðsvatna undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð. Brúin stendur á einkavegi og er umferð um hana óheimil.³⁴

³⁴ Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is





23. Héraðsvötn við Grundarstokk - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Héraðsvötn við Grundarstokk stendur skammt frá vegamótum þjóðvegjar 76 um Skagafjörð og Blönduhlíð og Hringvegarins (1) frá Varmahlíð og inn Skagafjörð. Hún er 133 metra löng og 2,62 metra

breið steinsteypt bitabrú, byggð árið 1926. Hún var aflögð þegar ný brú var byggð á Hringvegnum (1) við Grundarstokk árið 1981.

Sögulegt yfirlit

Brúin yfir Héraðsvötn við Grundarstokk var vígð árið 1927. Þegar byggingu hennar lauk var hún lengsta brú Norðurlands, 133 metra löng. Áður hafði lengsta brú Norðurlands verið brúin yfir Vesturós



Héraðsvatna sem var byggð árið 1925, en hún var 113 metrar á lengd. Ný brú var byggð á Héraðsvötn aðeins sunnar árið 1981 og fer Hringvegurinn (1) nú yfir hana. Gamla brúin stendur enn en er nokkuð illa farin.³⁵



³⁵ Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 2014, bls. 7. Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 119-120.

Verndargildi

Brúin yfir Héraðsvötn við Grundarstokk var lengsta brú Norðurlands þegar hún var byggð árið 1926. Hún er í ágætu ástandi en hefur látið á sjá og þarfnast endurbóta. Í dag er lítil sem engin umferð um brúna en hún nýtist nú sem göngubrú.





24. Kolbeinsdalsá (Kolka) - Minjabrú



Lýsing



Brúin yfir Kolbeinsdalsá (Kolku) stóð áður á Siglufjarðarvegi (vegi 76) á milli Sauðárkróks og Hofsóss. Brúin hefur verið aflögð en sést vel þar sem hún stendur skammt ofan við þjóð-

veginn um tíu kílómetrum sunnan Hofsóss. Brúin er tuttugu metra löng, einbreið, steinsteypt bogabrú.

Sögulegt yfirlit

Snemma árs 1880 var brú á Kolbeinsdalsá (Kolku) í Skagafirði að mestu fullsmíðuð og gert ráð fyrir að hún yrði sett á ána um vorið, sem gekk eftir. Auk þess var miklu fjármagni kostað til að gera færar



veg að brúnni. Brúin var í notkun til ársins 1931 þegar ný brú var byggð yfir ána. Gamla brúin yfir Kolbeinsdalsá í Skagafirði er upprunaleg steinbogabré byggð árið 1931. Hún er einbreið, tuttugu metra löng og 3,34 metrar á breidd. Hún var áður á Siglufjarðarvegi en var aflögð árið 1992 þegar ný brú var tekin í notkun. Gamla brúin er nú notuð sem göngu og reiðbrú.³⁶

Verndargildi


Gamla brúin yfir Kolbeinsdalsá í Skagafirði er upprunaleg steinbogabré, byggð árið 1931. Upprunalegar steinbogabré frá þessum tíma eru ekki margar á Íslandi svo það er vel þess virði að huga að verndun hennar. Hún er einnig mikið notuð sem göngu- og reiðbrú á fallegu svæði skammt ofan við Kolkuós.



³⁶ Sveinn Þórðarson: *Brýr að baki*, bls. 54. Sigurður Björnsson: „Flutt frá Akureyri að Hólum í Hjaltadal haustið 1934“. *Skagfirðingabók*, bls. 174-180.



25. Siglufjarðarskarð - Minjavegur



Lýsing



Siglufjarðarskarð er um fimmtán kílómetra langur fjallvegur sem liggur á milli Siglufjarðar og Fljóta í Skagafirði (vegur 76). Um Siglufjarðarskarð var áður aðalleiðin frá Skagafirði til Siglufjarðar, allt þar til Strákagöng voru opnuð árið 1967.

Sögulegt yfirlit

Leiðin um Siglufjarðarskarð liggur hæst í um 630 metra hæð yfir sjávarmáli og þótti áður greiðfærasta leiðin úr firðinum, þótt hún væri ærið erfið, bæði vegna þess hve brött hún var Siglufjarðarmegin en ekki síður vegna snjóá og illviðra á vetrum. Upphaflega var fjallsegginn í skarðinu svo mjó að þar mátti sitja klofvega með annan fótinn í Skagafjarðarsýslu en hinn í Eyjafjarðarsýslu. Í þessa egg var til forna höggvið skarð, nægilega breitt til að unnt væri að koma klyfjahesti þar í gegn. Skarðið var sprengt niður um fjórtán metra árið 1940 og í framhaldi af því var lagður akfær vegur um skarðið árið 1946. Hann var yfirleitt aðeins fær fjóra til fimm mánuði á ári vegna snjóþyngsla en var þó mikil samgöngubót. Fram að því höfðu allir meiriháttar flutningar á fólki og varningi farið sjóleiðina til og frá Siglufirði. Þess má geta að fyrsti bíllinn sem ók yfir Siglufjarðarskarð var Willys herjeppi með skrásetningarnúmerið R-1365. Það gerðist um verslunarmannahelgina árið 1944 og var getið um það í ríkisútvarpinu það kvöld. Bílstjóri var Gunnar Andrés Jónsson. Vegurinn yfir Siglufjarðarskarð var enn í byggingu á þessum tíma en Gunnar naut aðstoðar vegavinnumanna til þess að komast yfir skarðið.³⁷



³⁷ Vefsíða Fjallabyggðar: Fjallabyggd.is/ibúar/umhverfi/gönguleiðir/Siglufjarðarskarð. *Lýðveldisbörnin. Minningar frá Lýðveldishátíðinni 1944*, bls. 156. Wikipedia.org/Siglufjarðarskarð.



Verndargildi

Ferðir um Siglufjarðarskarð lágu niðri að mestu eða öllu í mörg ár eftir að Strákagöng voru opnuð en nú er reynt að halda veginum bílfærum yfir hásumarið, sérstaklega í tengslum við bæjarhátíð Siglufjarðar um Verslunarmannahelgina ár hvert. Siglufjarðarmegin liggur veginn upp í Siglufjarðarskarð upp Skarðdal þar sem skíðasvæði Siglfirðinga er. Í dalnum er einnig Skógrækt Siglfirðinga og þar er bílvegurinn fær allt árið. Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum til verndunar veginum um Siglufjarðarskarð.





26. Strákagöng – Veggöng



Lýsing

Strákagöng liggja í gegnum fjallið Stráka, nyrst á Tröllaskaga, vestan Siglufjarðar (vegur 76). Um þau er ekið til að komast til og frá Siglufirði úr vestri og voru þau lengi eini akfæri vegurinn til Siglufjarðar sem fær var allt árið.





Sögulegt yfirlit

Strákagöng eru næstelstu veggöng á Íslandi, á eftir göngunum um Arnarneshamar og fyrstu alvöru veggöngin, ef svo má segja. Hugmyndin um gerð jarðgangna til Siglufjarðar kom fyrst fram snemma á tuttugustu öld en þá var enginn akvegur þangað og fóru allir flutningar fram sjóleiðina eða um Siglufjarðarskarð sem var hár og ógreiðfær fjallvegur sem vart var



hestfær. Bílvegur var þó lagður yfir skarðið árið 1946 en hann var yfirleitt ekki fær nema fjóra til fimm mánuði á ári og dugði alls ekki til að leysa samgönguvanda Siglfirðinga. Árið 1954 var rætt um það á

Alþingi að leggja veg fyrir Stráka meðfram sjónum eða gera göng úr botni Siglufjarðar til Fljóta og hefðu þau orðið um fimm kílómetrar að lengd og mjög dýr. Síðar kom fram sú hugmynd að leggja veg úr Fljótum út með ströndinni að Strákum og gera styttri og ódýrari göng þar í gegn til Siglufjarðar. Varð sú leið ofan á og hófst vegagerð sumarið 1956 en hún gekk fremur hægt framan af, bæði vegna fjárskorts og vegna erfiðra aðstæðna en vegurinn liggur víða utan í bröttum fjallshlíðum. Gerð Strákaganga hófst árið 1959 og voru þá grafnir

Þrjátíu metrar en kraftur var ekki settur í framkvæmdina fyrr en sumarið 1965. Síðasta haftið var sprengt 17. september 1966 eftir þrettán mánaða stanslausa vaktavinnu við gangagröftinn og voru göngin opnuð 10. nóvember 1967. Við göngin unnu 25 menn á þrískiptum vöktum. Þau eru 793 metrar á lengd, upphaflega áttu þau að vera tvíbreið en frá því var horfið og eru þau einbreið með útskotum. Þann 10. nóvember 2017 voru fimmtíu ár frá því að Strákagöng voru vígð við hátíðlega athöfn. Kostnaður við Strákaveg og göngin voru á þessum tíma um sjötíu milljónir króna, þar af voru göngin 41 milljón og vegkaflinn vestan við göngin kostaði 29 milljónir.³⁸

Verndargildi

Strákagöng eru afar merkileg sögu vegagerðar á Íslandi þar sem þau eru næstelstu veggöng á Íslandi og fyrstu alvöru göngin sem gerð voru. Ekki er þörf á aðgerðum til verndunar göngunum þar sem þau eru á íslenska þjóðvegakerfinu og sér Vegagerðin um rekstur og viðhald ganganna.



³⁸ Vefsíða Fjallabyggðar: Fjallabyggd.is/ibúar/fréttir/Strákagöng 40 ára. Fréttavefur Fjallabyggðar: Héðinsfjörður.is/Fréttir/ 50 ár frá því umferð í gegnum Stráka hófst. Wikipedia.org/Strákagöng.

27. Siglunesviti - Viti



Lýsing



Siglunesviti stendur yst á Siglunesi í mynni Siglufjarðar. Hann var byggður árið 1908 eftir teikningum Thorvalds Krabbe verkfræðings og síðar vitamálastjóra. Vitinn er steinsteyptur, sex metra hár ferstrendur kónískur turn. Veggjum hans hallar örlítið inn að

ofan. Þeir eru 3,1 metra langir neðst en 2,9 metra langir efst. Fjórir gluggar eru á turninum, einn á hverri hlið, og efst á veggjum er kverkband undir stölluðu þakskeggi og ofan á því járnhandrið. Vitinn var upphaflega hvítur að lit með rauðri rönd ofarlega á veggjum en var síðar málaður gulur. Hæð vitans er 9,7 metrar. Sjónarlengd hans er 12 sjómíllur og ljóshæð yfir sjávarmáli er 51 metri. Vitinn er landtökuviti í eigu og umsjón Siglingastofnunar.

Sögulegt yfirlit

Árið 1907 kom fram í grein í blaðinu *Ísafold* að Alþingi hafi samþykkt byggingu „smávita á Siglunesi, er kosti 10.000 kr. og sé kominn upp fyrir árslok 1909“³⁹. Í sömu grein kemur fram að áformað sé að endurbyggja Dalatangavita fyrir 20.000 krónur enda „fróðra manna mál að hans muni mest þörf allra vita á Íslandi“⁴⁰. Þess má geta að allt frá árinu 1903 var mikil og vaxandi skipaumferð um Siglufjörð. Talið er að árið 1906 hafi 217 síldarskip legið þar inni samtímis. Siglufjörður var þá orðinn miðstöð síldveiða við Ísland og engin dæmi eru um að slíkur fjöldi skipa væri saman kominn í einni höfn eins og oft var þar í landlegum og átti fjöldinn eftir að aukast á næstu áratugum. Sumarið 1908 var Siglunesviti byggður og tekinn í notkun það sama ár. Vitinn var fyrsti viti sem byggð-



ur var á Norðurlandi. Hönnuður vitans var Thorvald Krabbe, danskur verkfræðingur og síðar vitamálastjóri. Notuð var sama teikning og að vitanum á Dalatanga sem tekinn var í notkun það sama ár, að undanskildu sambyggðu íbúðarhúsi. Í þeirri breytingu liggur sennilega munurinn á kostnaðaráætlunum vitanna tveggja sem sagt var frá í *Ísafold* 1907. Á vitann var sett danskt ljóshús og 500 mm katadíoþtísk snúningslinsa sem tekin var úr gamla Reykjanesvita sem reistur var árið 1878, ásamt lóðatækjum til að snúa henni og steinolíulampi. Árið 1926 var vitinn gasvæddur og rafvæddur árið 1961. Hann fékk straum frá ljósavélum fram til ársins 1992 þegar sólarrafhlöður voru settar í vitann og vindrafstöð árið eftir. Þá var gamla snúningslinsan fjarlægð og er hún nú varðveitt í Síldarminjasafninu á Siglufirði. Íbúðarhús fyrir vitavörð var reist við vitann árið 1911 en það var rífið um 1960. Það var bárujárnsklætt, einlyft með rispaki og steinsteyptum kjallara. Þórður Þórðarson kom sunnan af landi til að setja upp linsurnar en hann hafði verið vitavörður í Reykjanesvita á árunum 1902 - 1903. Þórður varð síðan fyrsti vitavörður á Siglunesi og gegndi því starfi allt þar til hann lést árið 1923.

³⁹ *Ísafold* 12. október 1907. „Endurreistir vitar“, bls. 266.

⁴⁰ *Ísafold* 12. október 1907. „Endurreistir vitar“, bls. 266.

Aðrir vitaverðir á Siglunesi voru:

Pórður Bjarnason (f. 1879) – 1923-1928

Grímur Hálfðanarson Snædal (f. 1878) – 1928-1942

Jón Þórðarson (f. 1910) – 1942-1958

Erlendur Magnússon (f. 1930) – 1958-1968

Einar Ásgrímsson (f. 1904) – 1968-1978

Stefán Einarsson (f. 1948) – 1978-1992

Fastri búsetu vitavarðar á Siglunesi lauk árið 1992.⁴¹

Verndargildi


Siglunesviti var byggður árið 1908 og hefur hann því ótvírætt minjagildi vegna aldurs, enda er hann 110 ára gamall á þessu ári. Siglunesviti er meðal elstu vita á Íslandi sem enn eru í fullri notkun og fyrsti viti sem reistur var á Norðurlandi. Viðhald hans er reglubundið og ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum til verndunar húsinu eins og sakir standa. Siglunesviti fellur undir ákvæði Minjastofnunar um friðuð hús og mannvirki. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tók gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.⁴²

⁴¹ Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, bls. 160, 303 og 332-333. Vefsíðan Sjóminjar Íslands: sjominjar.is/vitar/norðlendingafjórðungur/Siglunesviti. Vefsíða Síldarminjasafns Íslands: sild.is/sildarsagan/sildarsagan-stutt/greinar/Siglunesviti 100 ára.

⁴² Sjá nánar á vefsíðu Minjastofnunar: minjastofnun.is



28. Kjalvegur - Þjóðleið



Lýsing



Kjölur er skarð og fjallvegur sem liggur á milli Langjökuls og Hofsjökuls (vegur F35). Það er í 600-700 metra hæð yfir sjávarmáli og 20-30 kílómetra breitt. Tvö fjöll setja mestan svip á landslagið, Kjölfell í um 400 metra hæð og Hrútfell, eitt svipmesta stapafjall landsins (1376 metrar yfir sjávarmáli), vestan við Fúlukvísl. Að austan, sunnan Hofsjökuls, eru Kerlingarfjöll. Tvær stórar ár renna um Kjöl, Hvítá að sunnan en Blanda að norðan. Kjölur er

að miklu leyti berar melöldur, sandar og hraun á milli lágreistra fella. Norðan til á Kili er jarðhitasvæðið Hveravellir, sem er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Kjalvegur er um 165 kílómetrar að lengd, frá Eiðsstöðum í Blöndudal suður að Gullfossi og er fær öllum bílum yfir sumartímann.



Sögulegt yfirlit

Leiðin milli landsfjórðunga yfir Kjöl hefur verið kunn síðan á landnámsöld. Í Landnámabók eru geymdar frásagnir af landkönnun skagfirskra landnámsmanna. Samkvæmt Landnámabók sendi Hrosskell landnámsmaður að Ýrafelli Roðrek þræl sinn „upp eptir Mælifellsdal í landaleitan suður á fjöll. Hann kom til gils þess, er verður suður frá Mælifelli ok nú heitir Roðreksgil; þar setti hann niður staf nýbirkðan, er þeir kölluðu Landkönnuð, ok eptir þat snýr hann aptr.“⁴³ Eiríkur Hróaldsson landnámsmaður sendi einnig Rönguð þræl sinn suður á fjöll:

Hann kom suður til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor og skilði, at þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða.

⁴³ Íslendingabók. Landnámabók, bls. 230-231.

Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga.⁴⁴

Örnefnið Hvinverjadalir er að finna í Landnámabók, hins vegar er nafnið Hveravellir óþekkt í fyrstu ferðum manna yfir Kjöl. Í *Sturlunga Sögu* er oft getið um mannafundi á Kili og þá er Hvinverjadalur oft nefndur en síðan hverfur örnefnið úr heimildum. Líklegt má telja að Hvinverjadalur sé landsvæðið kringum Hveravelli. „Því verður ekki móti mælt, að



Hveravellir eru ein hin einkennilegasta og furðulegasta listasmíð náttúrunnar, sem á Íslandi finnst. Hér eru rústir af stóru húsi, sem menn halda, að útilegumenn hafi búið í fyrrum. [...] Til forna kölluðu menn þetta landsvæði, þar sem

Hveravellir eru, Hvinverjadali, en hverasvæðið var þá kallað Reykjavellir.“ Þetta segja Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson í ferðabók sinni, en þeir fóru suður Kjöl árið 1752.⁴⁵

Kjalvegur hefur alla tíð verið einn fjölfarnasti fjallvegur landsins og helsta samgönguleið milli Norður- og Suðurlands. Í sögum er víða getið um ferðir yfir Kjöl á Söguöld og Sturlungaöld en væntanlega hafa þær verið reglulegastar þegar farið var til Alþingis á Þingvöllum. Sumar götur sem þá voru markaðar hafa síðan haldist við og eru enn sjáanlegar. Annars staðar, einkum þar sem þær lágu um grýtta mela, hafa þær horfið þegar hætt var að fara þar um. Enn sést móta fyrir gamla Kjalvegi en hann liggur nokkuð vestan við bílveginn. Hann er enn notaður sem göngu- og reiðvegur. Um Kjalveg lá leið Hólabiskupa á ferð til og frá Alþingi og þar átti Jörundur Hundadagakonungur leið um sumarið 1809. Á Hveravöllum var aðsetur Fjalla-Eyvindar og Höllu um 1760, þar er rústin Eyvindarkofi í hraunsprungu. Einhverjar tíðustu ferðir um Kjalveg voru öldum saman skreiðarferðir Norðlendinga til verstöðva sunnanlands, allt frá Vestmannaeyjum og vestur undir Jökul. Stóðu þær fram undir lok nítjándu aldar. Á Kili voru stórar torfærur einna fæstar, eða tvær, Blanda var annar helsti farartálminn en á henni voru góð vöð. Hvítá var hinn farartálminn en þar mátti fara yfir ána á Skagfirðingavaði eða Hólmavaði, sem er skammt frá þeim stað þar sem gamla Sogsbrúin var sett á ána árið 1936. Sorgleg endalok Reynistaðabraeðra á Kili

⁴⁴ *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 232.

⁴⁵ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*. Annað bindi, bls. 14-15.

árið 1780 höfðu mikil og langvinn áhrif á ferðalög um Kjöl, en lengi á eftir þótti heillavænlegast að forðast þessa háskalegu óbyggðaleið. Einnig var talið reimt á Kili, einkum í nánd við Kjalfell og Beinahól og þar var bústaður útilegumanna. Fækkaði því ferðum um Kjöl undir lok átjándu aldar og þær lögðust að mestu af um tíma.

Talið er að Kjalvegur hafi verið varðaður áður fyrr, en vörðunum misjafnlega haldið við í gegnum tíðina. Sumarið 1898 fór um Kjöl leiðangur sem markaði nokkur tímamót varðandi ferðaleiðir um

svæðið. Honum stjórn-
aði Daniel Bruun sem
var höfuðsmaður í
danska hernum. Ferð
Bruuns um Kjöl virðist
að hluta til hafa verið
farin til að hvetja
ferðamenn til að fara



þessa leið. Frásögn af ferð hans var gefin út á bók af íslenska ferðafélaginu í Kaupmannahöfn 1899 og heitir *Tværs over Kölen* eða *Um Kjöl þveran*. Leiðangur Bruuns merkti vörðustæði á leiðinni frá Blöndu og suður yfir austanvert Kjalhraun og hvatti Bruun stjórnvöld til að endurreisa hrundar vörður og merkja fornar hálendisleiðir. Magnús Vigfússon, sem var í föruneyti Bruuns hlóð svo, ásamt fleirum, vörður á þessari leið árið eftir (1899). Víðast er leiðin yfir Kjöl nú vörðuð, allt sunnan frá Hvítá og norður að Blöndu. Líklega eru vörðurnar að mestu handarverk þriggja manna sem unnu að tilhlutan vegamálastjóra sumarin 1920-1922 við að hressa upp á gamlar vörður og reisa nýjar á leiðinni norðan úr Mælifellsdal og suður að Hvítá. Verkinu stjórnaði Halldór Jónasson frá Hrauntúni í Þingvallasveit.

Mikil framför varð í samgöngumálum á Kili þegar Hvítá var brúuð norðan Bláfells. Brúin hafði áður verið á Soginu við Alviðru frá árinu 1905 en hún var tekin í sundur, flutt inn eftir og sett á stöpla sem steiptir voru undir hana. Þetta var sumarið 1935. Brúin var í notkun til ársins 1973 en þá var byggð á sama stað öflug stálbitabrá á steinsteiptum stöplum. Þegar brúin var komin á Hvítá árið 1935 var haldið áfram að leggja akfæran veg inn á Kjöl. Vegagerðin fór þannig fram að menn jöfnuðu eitthvað brautina með skóflum og veltu steinum til hliðar með járnkörlum þar sem þurfti. Þeir völdu jafnóðum leiðina þar sem hentugast þótti. Vegurinn var ruddur áfram að Hveravöllum sumarið 1938 og haldið áfram með hann norður fyrir Seyðisá. Mikil breyting varð á Kjalvegi þegar farið var að nota veghefla og jarðýtur til að breikka hann og slétta og hefur vegurinn tekið miklum

breytingum í áranna rás. Enn er vegurinn samt yfirleitt lægri en landið í kring og sitja því víða í honum pollar í vætutíð og hann verður fljótt torfær í snjó.⁴⁶ Á Kjalvegi standa tveir reisulegir minnisvarðar: Nærri vatnaskilum, á hárrí melöldu, er minnisvarði sem Ferðafélag Íslands lét reisa árið 1959 í minningu um Geir G. Zoëga vegamálastjóra, en hann var forseti félagsins 1937-1959. Aldan heitir síðan Geirsalda. Skammt sunnan upptakakvíslar Svartár stendur reisuleg varða merkt Eyvavarða. Hún var hlaðin árið 1983 til heiðurs Eyjólfí Halldórssyni af félögum hans í Útivist í tilefni áttæðisafmælis hans, en hann var einn af fararstjórum Útivistar og fór oft með ferðahópa um Kjöl.



⁴⁶ Tómas Einarsson: „Kjölur og Kjalvegir“. *Lesbók Morgunblaðsins* 4. júlí 1998. Bls. 10-11. *Árbók Ferðafélags Íslands 2001*, bls. 35-47 og 141. *Árbók Ferðafélags Íslands 1971*, bls. 15-16, 81-92 og 109-115. [Wikipedia.org/Kjölur](https://wikipedia.org/Kjölur).

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Árbók Ferðafélags Íslands 1982. Snæfellsnes frá Löngufjörum að Ólafsvíkurenni. Einar Haukur Kristjánsson tók saman. Ritstjóri: Páll Jónsson. Reykjavík 1982.

Árbók Ferðafélags Íslands 1986. Snæfellsnes norðan fjalla. Einar Haukur Kristjánsson tók saman. Ritstjóri: Þorleifur Jónsson. Reykjavík 1986.

Brúaskrá á Þjóðvegum. Vegagerðin 2016.

Brúaskrá utan Þjóðvega. Vegagerðin 2016.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757.* Annað bindi. Reykjavík 1981.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 1. tbl. 2012. Bls. 2.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 11. tbl. 2006. Bls. 1-2.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 16. tbl. 2014. Bls. 7.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 17. tbl. 2015. Bls. 1-4.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 19. tbl. 2009. Bls. 10-12.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 32. tbl. 2005. Bls. 8.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 5. tbl. 2015. Bls. 7.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 7. tbl. 2015. Bls. 7.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 8. tbl. 2015. Bls. 7.

Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002.* Kópavogur 2002.

Guðrún Ása Grímsdóttir og Árni Björnsson, *Árbók Ferðafélags Íslands 1997. Í fjallhögum milli Mýra og Dala.* Ritstjóri: Hjalti Kristgeirsson. Reykjavík 1997.

Hallgrímur Jónasson, *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjalvegur hinn forni.* Ritstjóri: Páll Jónsson. Reykjavík 1971.

Ísafold. 34. árgangur, 67. tbl. 1907, bls. 266.

Íslendingabók. Landnámabók. Íslensk fornrit. I. bindi. Síðari hluti. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.

Lýðveldisbörnin. Minningar frá lýðveldishátíðinni 1944. Ritstjórar: Þór Jakobsson og Arna Björk Stefánsdóttir. Reykjavík 2016.

Lögberg. 8. september 1949. 62. árg. 36. tbl. Bls. 1.

Morgunblaðið. 91. árgangur, 187. tbl. 13. júlí 2003. Bls. 8.

Páll Ásgeir Ásgeirsson, *101 Ísland. Áfangastaðir í alfaraleið*. Reykjavík 2009.

Sigurður Björnsson: „Flutt frá Akureyri að Hólum í Hjaltadal haustið 1934“.

Skagfirðingabók. 1. tbl. 34. árgangur 2012. Reykjavík 2012. Bls. 171-180.

Steingrímur Davíðsson: „Lítill ferðasaga“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 35. tbl. 45. árg. 21. september 1969. Bls. 10-12.

Sturlunga Saga. Þriðja bindi. Þorgils Saga Skarða. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík 1954.

Sveinn Þórðarson, *Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár*. Reykjavík 2006.

Tómas Einarsson: „Kjölur og Kjalvegir“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 4. júlí 1998. Bls. 10-11.

Vegahandbókin. Ritstjórar: Eva Hálfðanardóttir, Hálfðan Örlygsson og Örlygur Hálfðanarson. Reykjavík 2012.

Vísir. 61. árgangur, 147. tbl. 3. júlí 1971. Bls. 1.

Vefsíður

Fréttavefur Fjallabyggðar: [Hedinsfjordur.is/Fréttir/50 ár frá því umferð í gegnum Stráka hófst](http://Hedinsfjordur.is/Fréttir/50%20ár%20frá%20því%20umferð%20í%20gegnum%20Stráka%20hófst).

Vefsíða Alþingis: [Alþingi.is/Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegaáætlunar 1971](http://Alþingi.is/Skýrsla%20samgönguráðherra%20um%20framkvæmd%20vegaáætlunar%201971). Skýrsla nr. 494. Bls. 32.

Vefsíða Fjallabyggðar: [Fjallabyggd.is/Íbúar/Fréttir/Strákagöng 40 ára](http://Fjallabyggd.is/Íbúar/Fréttir/Strákagöng%2040%20ára).

Vefsíða Fjallabyggðar: Fjallabyggd.is/Íbúar/Umhverfi/Gönguleiðir/Siglufjarðarskarð.

Vefsíða Haukadals í Dalasýslu: [Haukadalur.gagnvegir.is/Haukadalsá/Haukadalsá í Dalasýslu](http://Haukadalur.gagnvegir.is/Haukadalsá/Haukadalsá%20í%20Dalasýslu).

Vefsíða Innanríkisráðuneytisins: [Innanrikisráðuneyti.is/verkefni/málaflokkar/samgönguáætlun 2015-2018](http://Innanrikisráðuneyti.is/verkefni/málaflokkar/samgönguáætlun%202015-2018).

Vefsíða Jónasar Kristjánssonar: Jonas.is/Berserkjagata.

Vefsíða Jónasar Kristjánssonar: Jonas.is/Holtavörðuheidi.

Vefsíða Minjastofnunar: Minjastofnun.is.

Vefsíða Minjastofnunar: [Minjastofnun.is/Fornminjar/Friðlýstar fornminjar/Skrá](http://Minjastofnun.is/Fornminjar/Friðlýstar%20fornminjar/Skrá).

Vefsíða Minjastofnunar: [Minjastofnun.is/Fornminjar/Skýrsla um friðlýstar fornleifar 1990](http://Minjastofnun.is/Fornminjar/Skýrsla%20um%20friðlýstar%20fornleifar%201990), bls. 14.

Vefsíða Minjastofnunar: [Minjastofnun.is/Hús og mannvirki/Friðlýst hús og mannvirki/Vesturland/Malarrifsviti](http://Minjastofnun.is/Hús%20og%20mannvirki/Friðlýst%20hús%20og%20mannvirki/Vesturland/Malarrifsviti).

Vefsíða Minjastofnunar: [Minjastofnun.is/Hús og mannvirki/Friðlýst hús og mannvirki/Vestfirðir/Arnarnesviti](http://Minjastofnun.is/Hús_og_mannvirki/Friðlýst_hús_og_mannvirki/Vestfirðir/Arnarnesviti).

Vefsíða norsku Vegagerðarinnar: Vegvesen.no/Fag/Fokusomrader/Miljo+og+omgivelser/Nasjonal+verneplan.

Vefsíða Síldarminjasafns Íslands: [Sild.is/Síldarsagan/Síldarsagan-stutt/greinar/Siglunesviti 100 ára](http://Sild.is/Síldarsagan/Síldarsagan-stutt/greinar/Siglunesviti_100_ára).

Vefsíða Skessuhorns: [Skessuhorn.is/Fréttir/Fréttasafn/27. júní 2007: Framkvæmdir við nýja brú á Hítará hafnar](http://Skessuhorn.is/Fréttir/Fréttasafn/27._júní_2007:_Framkvæmdir_við_nýja_brú_á_Hítará_hafnar).

Vefsíða Stykkishólms: [Gamli.stykkishólmur.is/mannlíf/nágreppi Stykkishólms](http://Gamli.stykkishólmur.is/mannlíf/nágreppi_Stykkishólms).

Vefsíða Vegagerðarinnar: Vegagerdin.is/Vegakerfið/Jarðgöng.

Vefsíðan Sjóminjar Íslands: Sjominjar.is/Vitar/Norðlendingafjórðungur/Siglunesviti.

Vefsíðan Sjóminjar Íslands: Sjominjar.is/Vitar/Vestfirðingafjórðungur/Malarrifsviti.

Vefsíðan Sjóminjar Íslands: Sjominjar.is/Vitar/Vestfirðingafjórðungur/Súgandiseyjar-viti.

Vefsíðan Sjóminjar Íslands: Sjominjar.is/Vitar/Vestfirðingafjórðungur/Bjargtangaviti.

Vefsíðan Sjóminjar Íslands: Sjominjar.is/Vitar/Vestfirðingafjórðungur/Bjargtangaviti.

[Vegagerðin.is/Framkvæmdir/Samgönguáætlun/Kynningarrit um samgönguáætlun 2011-2022](http://Vegagerðin.is/Framkvæmdir/Samgönguáætlun/Kynningarrit_um_samgönguáætlun_2011-2022).

Wikipedia.org/Holtavörðuheiði.

Wikipedia.org/Kerlingaskarð.

Wikipedia.org/Kjölur.

Wikipedia.org/Siglufjarðarskarð.

Wikipedia.org/Strákagöng.

Ljósmyndir

Ljósmynd af Malarrifsvita á bls. 20 er úr bókinni: Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002. Bls. 249.

Ljósmynd af Súgandiseyjarvita á bls. 33 er úr bókinni: Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002. Bls. 260.

Ljósmyndir af Haukadalsá í Dölum á bls. 34-38 eru teknar af Hrafnhildi Brynju Stefánsdóttur.

Ljósmynd af Haukadalsá nýbyggðri á bls. 37 er úr safni Vegagerðarinnar sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands. Ljósmyndari: Geir G. Zoëga. Sjá nánar á [Sarpur.is/Haukadalsá](http://Sarpur.is/Haukadalsa).

Ljósmynd af Bjargtangavita á bls. 41 er úr bókinni: Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002. Bls. 264.

Ljósmynd af Tunguá á bls. 43 er úr: Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 17. tbl. 2015, bls. 4.

Ljósmynd af Arnarnesvita á bls. 45 er úr bókinni: Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002. Bls. 277.

Ljósmynd af Hólmavíkurvita á bls. 50 er úr bókinni: Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002. Bls. 290.

Ljósmynd af Vesturkvísl Héraðsvatna á bls. 71 er er tekin af Emil Hannesi Valgeirssyni.

Ljósmynd af Austurkvísl Héraðsvatna á bls. 78 er úr greininni: Sigurður Björnsson: „Flutt frá Akureyri að Hólum í Hjaltadal haustið 1934“. *Skagfirðingabók*. 1. tbl. 34. árgangur 2012. Reykjavík 2012. Bls. 173.

Ljósmyndir af Siglunesvita á bls. 95 og 98 er úr bókinni: Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002. Bls. 303.

Ljósmynd af linsu Siglunesvita á bls. 96 er tekin af vefsíðu Siglufjarðar: Siglo.is/Fréttir/Fróðleiksmoli/20.11.2008-Fróðleiksmoli-vitalinsur.

Ljósmynd af Siglunesvita á bls. 98 er tekin af Emil Hannesi Valgeirssyni.

Aðrar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skýrsluhöfundi, Örnun Björk Stefánsdóttur.

Kort

Yfirlitskort á bls. 4 er sótt á vef Landmælinga Íslands: lmi.is/kort/skólakort/yfirlitskort 1:2 000 000.

Önnur kort í skýrslunni eru úr bókinni: *Íslandsatlas*. Útgefandi: Edda. Reykjavík 2006.